



# CQ TF

Rit félagsins Íslenskir radióamatörar

4. tbl. • 2024 • október



Þann 10. ágúst heimsóttu þau Fan Yechen BI1NGN, Mingyue-Yu XYL og vinur þeirra hjóna félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi. Þau eru búsett í Beijing í Kína og voru hér á landi í stuttri heimsókn sem ferðamenn. Fan fékk úthlutað kallmerkinu BI1NGN/TF og er líklega fyrsti kínverski radióamatörinn sem fær úthlutað kallmerki á Íslandi og fyrsti kínverski leyfishafinn sem heimsækir félagið. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3JON.

## MEÐAL EFNIS:

- *Félagsstarfið í Skeljanesi.*
- *Sumarleikar ÍRA 2024, úrslit.*
- *TF útileikar ÍRA 2024, úrslit.*
- *Kóaxtengi, balún og frúgangur tengja.*
- *Skrölmótuð Skilaboð (SMS).*

## Á DÖFINNI:

- *Námskeið ÍRA til amatörleyfis hófst 16. sept.*
- *Ný fræðsludagskrá ÍRA okt.–des.*
- *Próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis 2. nóv.*
- *Aðalfundur ÍRA febrúar 2025.*
- *Skilafrestur efnis í næsta CQ TF er til 15. jan.*

## Félagið Íslenskir radióamatörar

Félagið Íslenskir radióamatörar, ÍRA, var stofnað 14. ágúst árið 1946. Félagið er landsfélag radióamatöra á Íslandi og hefur formlegt samstarf við Fjarskiptastofu um málefni radióamatöra hér á landi. ÍRA er aðili að alþjóðasamtökum landsfélaga radióamatöra, IARU, samtökum IARU á Svæði 1 (Region 1) og samtökum norrænna landsfélaga, NRAU.

ÍRA hefur opið hús einu sinni í viku, á fimmtudagskvöldum kl. 20–22, og eru allir þeir sem hafa áhuga á amatörradiói boðnir velkomnir. Félagið er til húsa við Skeljanes í Reykjavík og þar er einnig starfrækt félagsstöðin TF3IRA.

Staðsetning hússins er 64°07'33"N, 21°56'58"W. „Maidenhead grid“ staðsetningin er HP94ad. Leið 12 hjá Strætó hefur endastöð við húsið.

### Stjórn ÍRA starfsárið 2024–2025 skipa:

Formaður:	Jónas Bjarnason	TF3JB
Varaformaður:	Andrés Þórarinnsson	TF3AM
Ritari:	Georg Kulp	TF3GZ
Gjaldkeri:	Jón Björnsson	TF3PW
Meðstjórnandi:	Njáll H. Hilmarsson	TF3NH
Varamenn:	Sæmundur Þorsteinsson	TF3UA
	Heimir Konráðsson	TF1EIN

Öll bréf til ÍRA og QSL kort til safnsendinga (QSL bureau) sendist á póstfang ÍRA:

Íslenskir radióamatörar  
Pósthólf 1058  
121 Reykjavík  
ira@ira.is Heimasíða: www.ira.is

CQ TF er félagsrit ÍRA og hóf blaðið göngu sína árið 1964.

Heiti þess er fengið úr fjarskiptamáli radióamatöra og hefur merkinguna „kall til allra íslenskra radióamatörstöðva“.

Tilgangur CQ TF er að vera umræðuvettvangur og upplýsingamiðill ÍRA, samhliða vefsíðum félagsins.

Starfsárið 2024–2025 er miðað við að blaðið komi út fjórum sinnum á stafrænu formi á heimasíðu félagsins sem PDF skjal. Útgáfumánuðir eru apríl, júlí, október 2024 og janúar 2025.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður þessa tölublaðs er Sæmundur Þorsteinsson, TF3UA. Netfang: ira@ira.is

## EFNI:

Frá ritstjóra	3
Frá formanni...	4
Félagsstarfið í júlí til september	7
Sumarleikar ÍRA 2024	20
TF útileikar ÍRA 2024	23
Kóaxtengi, balún og frágangur tengja	25
Bíloftnetin mín í radióleikum ÍRA	28
NRAU fundur 7. september 2024	30
Skrölmótuð skilaboð (SMS)	34
Tímarit í fundarsal í Skeljanesi	35
ÍRA, starfsárið 2024/25	36
Viðurkenningar radióamatöra	38
Helstu DX keppnir frá okt. 2024 til jan. 2025	39
Fræðsludagskrá ÍRA	40



vodafone

Styrkir starfsemi ÍRA

### Hvað er amatör radió?

Radióamatörar eru þeir sem standast próf og fá leyfi hjá stjórnvöldum í hverju landi til að stunda fjarskipti og hanna og smíða búnað til þeirra. Hér er því ekki eingöngu um áhugamenn um fjarskipti að ræða heldur virka þátttakendur sem leggja stund á fjarskiptin og í því liggur munurinn á „áhugamanni“ og „amatör“.

Radióamatörum er úthlutað alþjóðlegum kallmerkjum sem þeir auðkenna sig með í fjarskiptum og hefjast íslensk kallmerki á bókstöfunum TF.

Amatör radió á sér fjölmargar hliðar. Tækni fjarskiptanna höfðar til margra, svo sem hönnun og gerð senditækja, viðtækja og loftneta, en radióamatörar hafa víða komið við sögu í þróun fjarskiptatækninnar. Notaðar eru ýmsar aðferðir við fjarskiptin, svo sem tal, mors, myndsendingar og stafrænar mótunaraðferðir. Sumir státa sig af fjarskiptum í kringum jarðkringluna með einföldum heimasmiðuðum tækjum og litlu afli úr vasaljósarafhlöðum, á meðan aðrir leggja metnað í öflugra senda og loftnet og ná árangri í alþjóðlegum keppnum radióamatöra.

Radióamatörar hafa hannað og smíðað geivhnetti sem endurvarpa sendingum milli landa og enn aðrir nota yfirborð tunglsins til að spegla radiósendingar til fjarlæggra heimshluta. Þekking radióamatöra á tækni og nýtingu skilyrða í háloftunum til fjarskipta er ómetanleg auðlind og hefur oft skipt sköpun í neyðartilvikum þegar hefðbundin fjarskiptakerfi hafa brugðist.



## Frá ritstjóra

*Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA*

Kæru lesendur,  
fyrir ykkur liggur fjórða tölublað CQ TF ársins 2024. Í blaðinu er að venju að finna ýtarlegt yfirlit formanns um starfsemi félagsins á ársfjórðungnum og hér ríkir engin lognmolla. Fimmtudagskvöldin eru vel sótt og fræðsludagskráin hefur verið sett upp. Þar kennir margra áhuga- verðra grasa og ekki leikur vafi á því að erindin verða vel sótt. Þeir sem sjá um kvöldin á þessu hausti verða TF8KY, TF3EK, TF3T, TF3VS, TF3WS og TF3GZ. Dagskráin er á baksíðu þessa blaðs og eru menn hvattir til að prenta hana út og festa með seglum á ísskápinn. Einnig er ráð að setja áminningu inn á tölvuna svo að spennandi fimmtudagskvöld gleymist ekki.

Nú er radióíþróttamótum sumarsins lokið. TF útleikarnir fóru fram um verslunarmannahelgina að venju og tókust vel. Á annan tug amatöra tóku þátt í leikunum. Sumarleikarnir voru haldnir í byrjun júlí en þeir hétu áður VHF/UHF leikarnir. Að þessu sinni var 10 m bandinu bætt við VHF/UHF böndin. Í almennri skilgreiningu á VHF er það sagt vera milli 30 MHz og 300 MHz. 10 m bandið nær jú upp í 29,7 MHz þannig að það er alveg á mörkunum. Þetta verður að teljast skemmtileg nýbreytni. Þátttakan í sumarleikunum reyndist mjög góð. Þáskaleikarnir voru einnig haldnir sl. vor en um þá var fjallað í seinasta blaði. Þeir eru nefndir hér til sögunnar af því að verðlaunaafhending fyrir alla þessa leika fer fram fimmtudagskvöldið 10. október undir umsjón þeirra TF8KY og TF3EK.

Eins og menn vita hefur ÍRA verið ötult að halda námskeið til undirbúnings amatörprófi á undanförunum árum. Slíkt námskeið er nú hafið í Háskólanum í Reykjavík. HR verður seint fullþökkuð sú rausn sem hann hefur sýnt starfsemi ÍRA að láta í té hina frábæru aðstöðu fyrir námskeiðin. Þátttaka í námskeiðinu er góð, 21 nemandi er skráður. Námsfnið er nú komið nokkuð til ára sinna. Byggt hefur verið á greinum úr breska tímaritinu Practical Wireless sem komu út snemma á 9. áratug seinustu aldar. Efníð er því orðið fertugt, því miður nær orðatiltækið „allt er fertugum fært“ ekki yfir þetta námsefni. Á þessum 40 árum hafa orðið geysimiklar tæknibreytingar og er amatör radió nútímans gerólíkt því sem var á níunda áratugnum. Það er því orðið brýnt viðfangsefni að endurnýja námsefnið. Ýmsar athuganir á erlendu námsefni hafa farið fram. Náms-

efni sumra norrænu systurfélaganna hefur verið skoðað, námsefni bresku og bandarísku félaganna auk þess suður-afrísku og írska. Nú er það ekki lengur þannig að nær allir Íslendingar skilji dönsku eða önnur tungumál Norðurlandanna, frekar mætti telja að flestir skilji ensku. Samt er líklegt að fréttir um mikilfenglega enskukunnáttu Íslendinga séu stórlega ýktar. Það er skoðun undirritaðs að ÍRA muni ekki ná markmiðum sínum með námsefni sem er eingöngu á ensku. Þau markmið eru m.a. að amatör radió sé áhugamál sem hentar öllum þjóðfélagshópum, hámenntuðu sem lítið menntuðu fólki, feimnu og djörfu fólki, stórum og smáum, gömlum og ungum, dígrum og rýrum. Móðurtungan er sá brunnur sem alltaf er auðveldast að leita þekkingar í, jafnvel þótt aðgangur að öðrum „tungubrunnum“ sé greiður. Það er því skoðun undirritaðs að ekkert jafnist á við það að geta boðið námsefni um amatör radió á íslensku. Auðveldast væri að nota vélrænar þýðingar texta úr erlendu máli, t.d. ensku. Framfarir við slíkar þýðingar hafa verið stórstígar undanfarin ár þó að textinn sem þær skila geti verið brogaður og oft haldinn meinlegum villum. Með góðum yfirlestri er þó auðvelt að lagfæra slíkar ambögur, bæði málfarslegar og efnislegar. Félagar í ÍRA hafa oft lyft grettistaki í sameiningu og geta einnig gert það í þessu máli. Þetta getur að sjálfsgöðu tekið drjúgan tíma en afraksturinn væri verðmætur að þeim tíma loknum. Víst er að þessi tími kemur ekki ef aldrei er byrjað á verkinu.

Hér er kjörið umræðuefni til að taka fyrir á fimmtudagskvöldi. Leitað er að svari við spurningunni hvort það væri þess virði að ráðast í þýðingu á erlendu námsefni yfir á íslensku. Myndi slíkt svara kostnaði sem er ekki peningalegur heldur felst hann í tíma og vinnu þeirra félagsmanna sem tækju verkið að sér? Getum við kannski einfaldlega nýtt okkur erlent námsefni og ætlast til þess að nemendur á námskeiðum félagsins tileinki sér textann á ensku? Það er vissulega að hluta til lýsing á núverandi ástandi. Myndum við e.t.v. ná enn meiri árangri með íslensku námsefni? Gaman væri að heyra skoðanir félagsmanna á þessu efni, ætti stjórnin kannski að halda skoðanakönnunum um þetta?

Að lokum óska ég ykkur góðs lesturs,

*73 de Sæmi, TF3UA*



## Frá formanni...

*Jónas Bjarnason, TF3JB*

**NÁMSKEIÐ.** Nýtt námskeið ÍRA til amatörprófs var sett í Háskólanum í Reykjavík 16. september. Námskeiðið stendur í rúmar 6 vikur og lýkur með prófi Fjarskiptastofu (FST) til amatörleyfis, sem verður haldið í HR laugardaginn 2. nóvember. Alls eru 23 skráðir á námskeið og/eða í próf, skiptingin er: 19 sem sitja námskeiðið og 4 sem mæta beint í próf.

Að þessu sinni var ákveðið að bjóða ekki upp á fjarnám yfir netið. Til að koma til móts við þá aðila sem eru búsettir úti á landi (eða erlendis) og ella myndu notast við netið, var boðið upp á aðgang að myndbandsupptökum frá námskeiðinu í fyrra (2023) – samhliða því að bjóða upp á öll námsgögn. Að þessu sinni nýttu fimm aðilar þennan möguleika. Að þessum aðilum viðbættum, gætum við því átt von á allt að 28 manns í próf FST þann 2. nóvember.


Þessi aðsókn er að sumu leyti ásættanleg þegar haft er í huga að 16. mars s.l. var haldið próf FST til amatörleyfis í Skeljanesi. Það var án undanfarandi námskeiðs og mættu fimm í prófið (af átta sem voru skráðir) og náðu tveir árangri, annar til N-leyfis og hinn til G-leyfis.



*Jónas Bjarnason TF3JB formaður ÍRA setur námskeið félagsins til amatörprófs í stofu M117 í Háskólanum í Reykjavík 16. september. Alls eru 19 skráðir á námskeiðið en 12 voru mættir í kennslustofu þegar myndin var tekin. Ljósmynd: TF3JON.*

Námskeið til amatörprófs er stærsta verkefni sem ÍRA tekst á hendur hverju sinni. Lykillinn að farsælli framkvæmd er framúrskarandi góð samvinna embættismanna félagsins, velvild og stuðningur Háskólans í Reykjavík sem hefur veitt félaginu aðgang að kennslurými allt frá árinu 2013 og frábær samvinna við Fjarskiptastofu. Sérstakar þakkir til Prófnefndar ÍRA og til leiðbeinenda á námskeiðinu fyrir frábært framlag. Ennfremur, bestu óskir til þátttakenda um gott gengi.

**SUMARLEIKAR.** Frá því síðasta tölublað CQ TF kom út, hafa Sumarleikar ÍRA og TF útileikarnir verið haldnir. Sumarleikar eru nýtt nafn sem kom í stað VHF/UHF leika ÍRA. Þeir voru haldnir 5.-7. júlí s.l. og var þátttaka mjög góð; alls voru 26 kallmerki skráð til leiks og dagbókarupplýsingar voru sendar inn fyrir 24 kallmerki. Í ár var ákveðið að prófa að hafa 10 metra bandið með og kom það vel út. Þakkir til félagsmanna fyrir þátttökuna og sérstakar þakkir til Hrafnkels Sigurðssonar, TF8KY umsjónarmanns Sumarleikanna fyrir vel heppnaðan viðburð, frábæran gagnagrunn og framúrskarandi gott utanumhald. Sjá nánar frásögn frá leikunum aftar í blaðinu.



*TF3IRA í TF útileikumum 2024. Erling Guðnason TF3E var á meðal þeirra sem virkjuðu félagsstöðina frá Skeljanesi í leikumum.*


**TF ÚTILEIKAR.** TF útileikarnir voru haldnir 3.-5. ágúst. Á annan tug leyfishafa tóku þátt og voru stöðvar virkar frá öllum landshlutum, nema Austurlandi. Flest sambönd voru á tali (SSB) en einnig á morsi (CW). Leikarnir fóru fram á 160, 80, 60 og 40 metrum. Ánægjulegt erindi barst frá Fjarskiptastofu fyrir leikana þess efnis, að leyfishafar hefðu heimild til að nota allt að 100W í tilraunum á 60 metra bandi í leikumum. Sérstakar þakkir fær Einar Kjartansson, TF3EK umsjónarmaður TF útileikana fyrir góða kynningu og utanumhald. Félagsstöðin TF3IRA var virkjuð frá Skeljanesi í báðum þessum fjarskiptaviðburðum. Eins og fram kemur m.a. á baksíðu blaðsins, verða verðlaun og viðurkenningar afhentar í Skeljanesi vegna fjarskiptaviðburðanna þriggja fimmtudaginn 10. október.

**ALÞJÓÐLEGAR KEPPNIR.** Félagsstöð ÍRA hefur einnig verið virk í alþjóðlegum keppnum í Skeljanesi í sumar og haust. Kallmerkið TF3W var sett í loftið í:



Sigurður R. Jakobsson TF3CW virkjar TF3W frá Skeljanesi í Scandinavian Activity CW keppninni þann 21. september.

(1) IARU HF World Championship keppninni 13.-14. júlí; (2) RSGB IOTA keppninni 27.-28. júlí (3) WAE CW keppninni 10.-11. ágúst og (4) Scandinavian Activity keppninni 21.-22. september. Þá var kallmerkið TF3YOTA sett í loftið í II. hluta YOTA keppinnar 2024 þann 20. júlí.



Elin Sigurðardóttir TF2EQ virkjar TF3YOTA frá Skeljanesi í II. hluta YOTA keppinnar þann 20. júlí.

Sérstakar þakkir til þeirra Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CW og Elínar Sigurðardóttur fyrir að virkja félagsstöðina.

**FRÆDSLUDAGSKRÁ.** Ný fræðsludagskrá ÍRA fyrir tímabilið 10. október til 19. desember er kynnt í þessu blaði (sjá baksíðu). Þakkir til Andrésar Þórarinssonar, TF1AM varaformanns fyrir að setja dagskrána saman.

Dagskráin hefst þann 10. október og þá munu umsjónarmenn Páska- Sumar- og TF útileikanna, þeir Hrafnkell Sigurðsson TF8KY og Einar Kjartansson, TF3EK afhenda verðlaun og viðurkenningar til þeirra sem náðu bestum árangri. Tveimur vikum síðar mun Benedikt Sveinsson, TF3T halda erindi um CQ World Wide DX keppnirnar, en CQ keppnirnar eru stærstu alþjóðlegar keppnir hjá radióamatörum. Benedikt ætlar m.a. að svara spurningunum: Hvernig er þetta gert, hvað þarf til og hvernig tek ég þátt? Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS mætir síðan 7. nóvember og ræðir FT8 mótunarháttinn sem hefur öðlast vinsældir

á síðustu árum. Vilhjálmur mun m.a. útskýra hvernig þetta er þetta gert, hvaða loftnet þarf, hvert er langdrægi og hvaða afl þarf. Sigurður Harðarson, TF3WS mætir síðan 21. nóvember og fjallar um „Gufunes bílnetin“ sem nota má á 80 metra bandinu. Hann mun m.a. segja reynslusögur og útskýra hvað þarf til og hvernig þetta er gert. Fræðsludagskráin endar síðan 5. desember. Þá mætir Georg Kulp, TF3GZ í Skeljanes og verður með erindi um svokölluð KiwiSDR viðtæki sem hægt er að hlusta á yfir netið. Georg hefur mikla reynslu af þessum tækjunum og hefur m.a. sett upp og rekur KiwiSDR viðtækin á Sauðárkróki, á Vogastapa og annað viðtækið í Örlygshöfn.

FRÆDSLUDAGSKRÁ ÍRA OKTÓBER – DESEMBER 2024



OKTÓBER 2024	Váðubur	Uppgöngur	Fyrirlesar - umsjón	Hæð spó	Hæð kl	Ánað
16. október	Fréttalagur	Yfirlit um fræðslu	Þrátturinn, Samanfarlar og TF viðtæki 2024	20:00-22:00	20:30	Kaflavéttur
17. október	Fréttalagur	Opn þús	Almannatættur	20:00-22:00	20:00	Kaflavéttur
24. október	Fréttalagur	Frétt	CQ W Wide DX keppnir: hvernig tek ég þátt?	20:00-22:00	20:30	Kaflavéttur
31. október	Fréttalagur	Opn þús	Almannatættur	20:00-22:00	20:00	Kaflavéttur
NOVEMBER 2024	Váðubur	Uppgöngur	Fyrirlesar - umsjón	Hæð spó	Hæð kl	Ánað
7. nóvember	Fréttalagur	Frétt	FT8 mótunarháttinn	20:00-22:00	20:30	Kaflavéttur
14. nóvember	Fréttalagur	Opn þús	Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS	20:00-22:00	20:00	Kaflavéttur
21. nóvember	Fréttalagur	Frétt	„Andrésar bílnetin“ fyrir 80 metra bandið	20:00-22:00	20:30	Kaflavéttur
28. nóvember	Fréttalagur	Opn þús	Almannatættur	20:00-22:00	20:00	Kaflavéttur
DESEMBER 2024	Váðubur	Uppgöngur	Fyrirlesar - umsjón	Hæð spó	Hæð kl	Ánað
5. desember	Fréttalagur	Frétt	Georg Kulp, TF3GZ	20:00-22:00	20:30	Kaflavéttur
12. desember	Fréttalagur	Opn þús	Almannatættur	20:00-22:00	20:00	Kaflavéttur
19. desember	Fréttalagur	Opn þús	Almannatættur	20:00-22:00	20:00	Kaflavéttur

<sup>1</sup> CQ viðtækið er þar hafa verið smáttala keppnir um árátt og TF öflaga með fátáttum árangri. Hvernig er þetta gert, hvað þarf til og hvernig tek ég þátt? TF3T segir frá.  
<sup>2</sup> FT8 mótunarháttinn hefur hafið spjallu þessu smáttala keppnir. TF3VS segir frá hvernig er þetta gert, hvaða loftnet þarf til og hvernig tek ég þátt? TF3VS segir frá.  
<sup>3</sup> Guðnason sýnir, fyrir 80 metra bandið, segir reynslusögur og útskýrir hvað þarf til og hvernig tek ég þátt? TF3WS segir frá.

**VIÐTÆKI YFIR NETIÐ Á VHF.** Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A tilkynnti þann 19. júlí um að nýtt viðtæki yfir netið hafi verið tengt til hlustunar á 144-146 MHz. Staðsetning er í Reykjavík, loftnet er 5/8 λ stangarnet og mest 8 notendur geta hlustað samtímis. Ath. að velja þarf: Amatör og NBFM þegar viðtækið er opnað. Vefslóð: [HTTP://VHF.UTVARP.COM](http://vhf.utvarp.com) „Android App“: <https://play.google.com/store/apps/details...>

Vefslóð á KiwiSDR2 viðtækið var sett á opnunarsíðu ÍRA á netinu 30. júlí þar sem slóðin er aðgengileg (ásamt öðrum) inn á viðtæki sem eru í boði til hlustunar yfir netið. Þakkir til þeirra Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A og Georgs Kulp, TF3GZ sem lánaði hluta búnaðar.

**ENDURVARPAR.** Benedikt Guðnason, TF1TNT, Guðjón Egilsson, TF3WO og Georg Kulp, TF3GZ gerðu ferð á fjallið Strút þann 15. september. Verkefni dagsins var að koma fyrir endurvarpanum sem áður var staðsettur á Álftanesi á Mýrum. Verkefnið gekk að óskum og var endurvarpinn QRV frá nýja staðnum síðar sama dag. Sérstakar þakkir til þeirra félaga fyrir vel heppnað verk. Þess má geta að fjallið Strútur er í 937 metra hæð yfir sjávarmáli.

**AÐ LOKUM.** Starfsemin í Skeljanesi er okkur mikils virði og margir félagar hafa á orði að þeir hlakki til að mæta í félagsaðstöðuna hverju sinni til að hitta mann og annan. Það er vel, enda er starfsemin í Skeljanesi einn af undirstöðupáttum okkar í störfum félagsins. Mikið hefur verið unnið í húsnæði félagsins í Skeljanesi í sumar og haust til að gera aðstöðuna vistlegri. Straumhvörf urðu í þeim efnum 11. júní s.l., þegar þeir Andrés Þórarinsson, TF1AM; Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID og Georg Kulp, TF3GZ mættu til góðra verka í Skeljanes. Verkefnið var að þrifa [og bóna] gólfdukkinn í salnum með tækjum sem Sveinn Goði útvegaði. Niðurstaðan er hreint ótrúlega

glæsileg. Sérstakar þakkir til þeirra félaga fyrir þennan frábæra árangur. Sjá má frásögn með ljósmyndum framarlega í blaðinu undir fyrirsögninni „Félagsstarfið í júlí til september“.

Þar sem þetta er síðasta félagsblað ársins 2024 vil ég nota tækifærið og senda félagsmönnum og fjölskyldum þeirra hugheilar jóla- og áramótakveðjur með ósk um farsælt komandi ár 2025. Innilegar þakkir fyrir frábæra samvinnu og stuðning. Megi ykkur ganga allt í haginn.

73,

Jónas Bjarnason, TF3JB  
formaður ÍRA

## CQ WW DX keppnirnar 2024.

CQ World Wide DX keppnin var fyrst haldin árið 1948, á tali og morsi. Hún er stærst á meðal alþjóðlegra keppna fyrir radióamatöra og dregur nafn af CQ tímaritinu sem hóf göngu sína þremur árum fyrir, árið 1945. Yfir



100.000 leyfishafar taka jafnan þátt í CQ WW árlega, hver og einn á eigin forsendum. Tveir íslenskir radióamatörar voru á meðal fyrstu þátttakenda í talhlutanum, Einar Pálsson, TF3EA og Sigurður Finnbogason, TF3SF. Þeir tóku einnig þátt í fyrsta morshlutanum ásamt Ásgeiri Magnússyni, TF3AB.

Í CQ WW hafa stöðvar sambönd sín á milli um allan heim. Keppnin er haldin á 160, 80, 40, 20, 15 og 10 metrum. Það er í raun enginn lágmarkstími eða hámarkstími. Því getur viðvera í keppninni varað frá örfáum mínútum upp í 48 klukkustundir. Markmiðið er að hafa sambönd við stöðvar í sem flestum DXCC einingum (löndum) í sem flestum CQ svæðum, innan þeirra tveggja sólarhringa sem keppnin stendur yfir.

### 11 alþjóðlegar „CQ“ keppnir eru haldnar árlega:

- CQ WW 160 Meter DX Contest, CW (síðasta helgi í janúar).
- CQ WW RTTY WPX Contest (2. helgi í febrúar).
- CQ WW 160 Meter DX Contest, SSB (síðasta helgi í febrúar).
- CQ WW WPX Contest, SSB (síðasta helgi í mars).
- CQ WW Foxhunting Weekend Contest (2. eða 3. helgi í maí).
- CQ WW WPX Contest, CW (síðasta helgi í maí).
- CQ WW VHF Contest (3. helgi í júlí).
- CQ WW RTTY DX Contest (4. helgi í september).
- CQ WW DX Contest, SSB (síðasta helgi í október).
- CQ WW DX Contest, CW (síðasta helgi í nóvember).
- CQ DX Marathon (janúar–desember, allt árið).

Á þetta er minnst hér nú þar sem framundan eru þessar stærstu keppnir á árinu 2024. CQ World Wide DX keppnin á SSB verður haldin 26.–27. október n.k., og morshlutinn 23.–24. nóvember. Félagsmenn er hvattir til að taka þátt.



Myndin er af Einari Pálssyni TF3EA, handhafa leyfisbréfs radióamatöra nr. 1 á Íslandi. Einar var fyrsti formaður ÍRA og fyrsti heiðursfélagi. Einar tók þátt í báðum hlutum fyrstu CQ WW keppinnar árið 1948.



## Félagsstarfið í júlí til september

*Í umsjón stjórnar ÍRA*

Þegar þetta er skrifað í lok september 2024 eru liðnir um þrjú mánuði frá því síðasta félagsblað kom út þann 21. júlí. Margt áhugavert hefur gerst í starfinu á þessum tíma og verður leitast við að gera grein fyrir því helsta hér á eftir. Til að halda tímaröð, hefst yfirferð efnis þann 2. júlí. En áður er birt frásögn og myndir frá 11. og 12. júní þegar gólfdukurinn í salnum í Skeljanesi var þrífinn og bónaður. Þetta er efni sem hefði átt að birtast 3. tbl. en er loksins birt í þessu blaði.

### 11.–12. júní Gólfdukur í sal gerður eins og nýr.

Andrés Þórarinnsson, TF1AM, Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID og Georg Kulp TF3GZ mættu í Skeljanesi eftir vinnu miðvikudaginn 11. júní til góðra verka. Farið var í að þrífa gólfdukin í salnum með tækjum sem Sveinn Goði útvegaði. Niðurstaðan er hreint út sagt ótrúlega glæsileg. Menn þurfa að líta þetta eigin augum til að trúá. Sérstakar þakkir til þeirra félaga fyrir þennan frábæra árangur. Andrés tók meðfylgjandi ljósmyndir og fylgdi þeim eftirfarandi texti:

*Sæll Jónas, að frumkvæði Sveins Goða þá mættum við Georg Kulp með honum, öll húsgögn færð til, í hornið og fram á gang, og svo setti Sveinn Goði í gang og var með þessa finu vél og öll efni. Sveinn og Georg gerðu þetta allt, og nú sást liturinn í gólfdukunum. Við komum kl 16 til að þrífa og svo kl 21 til að bóna. Nú er gólfíð svo ljómandi fínt. Við mætum 19 á morgun, fimmtudag, og*



*Við upphaf verksins þegar búið var að taka öll húsgögn til hliðar. Frá vinstri: Georg Kulp TF3GZ og Sveinn Goði Sveinsson TF3ID. Ljósmynd: TF1AM.*



*Á meðfylgjandi myndum má sjá verkefnið á mismunandi stigum. Á neðri myndinni er Georg að fara síðustu umferðina yfir gólfíð. Notað er sérstakt gólfbón með gljáa. Ljósmyndir: Andrés Þórarinnsson TF1AM.*

setjum húsgögnin aftur á sinn stað. Þeir eru afbragð þeir Sveinn Goði og Georg Kulp. 73, Andrés.

Sjá nánar frásögn þann 14. ágúst (aftar) þegar þeir félagar tóku gólfdukin í eldhúsinu í félagsaðstöðunni.


### 27. júní – Kallað eftir efni í 3. tbl. CQ TF 2024.

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA ritstjóri kallaði eftir efni í nýtt tölublað á heimasíðu og FB síðum sem skuli skila inn eigi síðar en 7. júlí. Þar sagði m.a.: „Næsta tölublað CQ TF, 3. tölublað ársins 2024, kemur út 21. júlí n.k. Allt efni um áhugamálið er vel þegið, s.s. frásagnir, ljósmyndir, eða jafn vel aðeins *Sæmundur TF3UA* punktar og ábendingar um efni sem vinna má úr. Félagsmönnum er boðið að auglýsa frítt í blaðinu notuð fjarskiptatæki og/eða búnað sem tilheyrir áhugamálinu. Skilafrestur efnis er til 14. júlí.



## 2. júlí – Vinnudagur í Skeljanesi.

Mætt var í Skeljanes eftir vinnu vegna tiltektar þriðjudaginn 2. júlí. Þessir mættu á staðinn: Jónas Bjarnason, TF3JB, Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB og Sigurður R. Jakobsson, TF3CW. Aðalverkefnið var að flytja kassa með radiódóti úr eldhúsinu fram í sal og byrja að flokka dótið.



Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB og Sigurður R. Jakobsson TF3CW gera sig klára í tiltekt í salnum.

Sigurbjörn Þór aðstoðaði einnig við kassana þótt hann væri fyrst og fremst að mæta til að taka á móti Björgvin orgelsmið frá Stokkseyri sem var væntanlegur til að sækja orgelið [frá Ólafsfirði] sem hafði verið flutt úr salnum og var geymt niðri í gangi. Björgvin mætti á tilsettum tíma og er hljóðfærið nú farið úr Skeljanesi, sbr. meðfylgjandi ljósmynd.



Hljóðfærið komið fram í forstofu í Skeljanesi. Björgvin Tómasson orgelsmiður og Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB. Björgvin sagði orgelið í furðu góðu standi miðað við aldur.

Síðasta verkið þennan ágæta þriðjudag var að festa myndir á vegg í salnum. Í hverjum ramma var forsíðan á mismunandi tölublöðum CQ TF (sbr. ljósmyndir).



Fjórar myndir voru settar á vegginn við inngang í fundarsalinn.

## 3. júlí – Ferð í Sorpu.

Á ný var mættu Jónas Bjarnason, TF3JB og Georg Kulp, TF3GZ í Skeljanes miðvikudaginn 13. júlí. Verkefnið var að fjarlægja allt rusl úr ganginum niðri og koma í Sorpu. Georg mætti á vinnubílnum með stóra kerru og gekk greiðlega að koma öllu fyrir á kerrunni, sérstaklega þegar Georg var búinn að beita stóru söginni á tréverkið svo það tæki minna pláss. Síðan var kerran byrgð með segli á leið frá Skeljanesi út í Sorpu í Ánanaustum.



Þegar búið var að henda öllu „tréverki“ var farið með restina í „járnagáminn“.

## 5.–7. júlí – Sumarleikar ÍRA.

„Gömlu“ VHF/UHF leikarnir fengu nýtt nafn 2024: „SUMARLEIKAR 2024“. Þar sem nafn leikanna var ekki lengur bindandi, kynnti Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY þá nýjung að prófa að hafa 10 metra bandið með. Menn voru hressir



og ánægðir með skemmtilegan viðburð. Og allt hjálpaði til, góður faglegur undirbúningur og umsjón og hreint út sagt frábær leikjavefur Hrafnkels Sigurðssonar, TF8KY umsjónarmanns leikanna. 10 metra bandið hefur reynst vinsæl viðbót.

Alls voru 26 TF kallmerki skráð til leiks. Það er sami fjöldi og var í fyrra (2023) í VHF/UHF leikunum. Félagsstöðin TF3IRA var virkjuð og voru samtals höfð 39 sambönd í leikunum frá Skeljanesi báða dagana. Jónas Bjarnason, TF3JB virkjaði stöðina.

Til fróðleiks má sjá töflu með upplýsingum um fjölda kallmerkja sem skilað var inn dagbókaruppýs-

Ár	Fjöldi	1. sæti	2. sæti	3. sæti	4. sæti	5. sæti
2024	24	TF2MSN	TF1EM	TF8KY	TF3PKN	TF1AM
2023	22	TF1AM	TF2MSN	TF8KY	TF3VE	TF1EM
2022	19	TF1AM	TF8KY	TF2MSN	TF1EM	TF3VE
2021	18	TF1OL	TF1MT	TF8SM	TF1AM	TF1EM
2020	17	TF3ML	TF1OL	TF1JI	TF2MSN	TF8KY
2019	17	TF2MSN	TF8KY	TF3ML	TF1MT	TF8TV
2018	19	TF3ML	TF1JI	TF3GZ	TF8KY	TF8RN





TF3IRA notaði Icom IC-7610 á 10 m í Sumarleikunum 2024.

ingum fyrir á átta ára tímabilinu 2018/24 – ásamt upplýsingum um kallmerki sem náðu bestum árangri í fyrstu 5 sætunum, sömu ár.



Innsetning TF3LM á Facebook í Sumarleikunum (á laugardag): „Frábært veður við Skálpa í dag. Ég náði Bláfjöllum og Búra vel þarna. Heyrði vel í einhverjum niðri í Landeyjum en náði ekki sambandi. Heyrði líka í einhverjum að tala í gegnum Skálafell, en náði ekki að lykka þann endurvarpa sjálfur“. Ljósmynd: TF3LM.

Sjá nánar sérstaka frásögn frá Sumarleikunum annars staðar í blaðinu.


### 11. júlí – Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðunni fimmtudaginn 11. júlí. Ágæt mæting, 19 manns á staðnum og 2 gestir. Mikið var spjallað á báðum hæðum, bæði um sumarleikana sem voru helgina áður og um TF útileikana um verslunarmannahelgina, sem menn voru byrjaðir byrjaðir að undirbúa sig fyrir.

Erlendur gestur var í húsi sem var kunningi Valtýs Einarssonar, TF3VG sem heitir Andreas og er þýskur



Hans Konrad Kristjánsson TF3FG og Andreas, gestur félagsins.



TF3VE sagði okkur m.a. frá nýja Diamond BB-7V stangarloft-netinu sínu fyrir 10–80 metra sem kemur vel út.




Mathías Hagvaag, Eiður Kristinn Magnússon TF1EK, Valtýr Einarsson TF3VG og Andreas gestur félagsins frá Þýskalandi.

hlustari. Afburðagott kaffi og meðlæti var í boði hjá Sveini Goða Sveinssyni, TF3ID.

### 14. júlí – IARU HF World Championship 2024.

IARU HF World Championship keppnin fór fram um helgina 13.–14. júlí. Keppnin fór samtímis fram á SSB og CW á 160, 80, 40, 20, 15 og 10 metrum.



Skeljanesi kl. 12 á hádegi 14. júlí. Keppninni lokið og niðurstaðan yfir 2 milljónir heildarpunkta. Glesilegt niðurstaða!

Félagsstöð ÍRA, TF3W var starfrækt í keppninni og virkjaði Sigurður R. Jakobsson, TF3CW stöðina frá Skeljanesi. Keppt var í blönduðum flokki (e. mixed) á CW og SSB og var niðurstaðan 2,008,380 punktar. Heildarfjöldi sambanda var alls 2.878; 2.851 á CW og 27 á SSB.

Sérstakar þakkir til Sigurðar R. Jakobssonar fyrir þátttökuna frá félagsstöðinni og ekki síst fyrir alla þá

vinnu og búnað sem hann lagði í undirbúning keppninnar. Ennfremur þakkir til Benedikts Sveinssonar, TF3T sem veitti tæknilega aðstoð við undirbúning.

### 15. júlí – TF1SS QRV á landsmóti skáta á Úlfjótavatni.

Landsmót skáta á Úlfjótavatni 2024 (International Jamboree in Iceland) var sett 12. júlí og var haldið vikuna 12.–19. júlí 2024.



Fjarskiptaaðstaða TF1SS er í sérstökum radióskála á Úlfjótavatni. Ljósmynd. TF3VD.

Kallmerkið TF1SS var QRV á HF eins og bæði mátti heyra á böndunum og sjá á þyrpingu (e. cluster), oftast á „Jamboree“ tíðnunum á 20 metrum.



Fjarskiptaaðstaða TF1SS á Úlfjótavatni. Icom IC-756 PRO II og IC-7000. Loftmet: 3 staka Fritzel Yagi loftnet fyrir 20, 15 og 10 metra. Ljósmynd: TF8RN.

### 18. júlí – Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í Skeljanesi 18. júlí. Alls voru 12 félagar í húsi og 2 gestir, allir hressir og áhugasamir.

Sérstakur gestur félagsins var Loftur Jónasson, TF3LJ sem hefur lengi verið búsettur í Kanada. Hinn



Heimir Konráðsson TF1EIN, Loftur Jónasson TF3LJ/VE2AO, Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA og Mathías Hagvaag TF3MH (bak í myndavél).



Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Jón Björnsson TF3PW, Erika (gestur), Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Þorvaldur Bjarnason TF3TB sýnir dótið frá Friedrichshafen á sófaborðinu. Kristján Benediktsson TF3KB horfir á.

gesturinn var Erika, frænka Wilhelms Sigurðssonar, TF3AWS sem er búsett í Danmörku og langaði til að kynna sér áhugamálið. Mathías Hagvaag, TF3MH og Wilhelm sýndu henni fjarskiptaherbergið og Mathías fór yfir með henni hvernig QSL Bureau virka. Þorvaldur Bjarnason, TF3TB kom síðan með stóra tösku í Skeljanes með „radiódóti“ sem hann hafði keypt á Ham Radio sýningunni í Friedrichshafen og sýndi viðstöddum á staðnum.

### 19. júlí – Nýtt viðtæki yfir netið á VHF.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A tilkynnti þann 19. júlí um að nýtt viðtæki yfir netið hafi verið tengt til hlustunar á 144–146 MHz. Staðsetning er í Reykjavík, loftnet er 5/8 λ stangarnet og mest 8 notendur geta hlustað samtímis. Ath. að velja þarf: Amatör og NBFM þegar viðtækið er opnað.



Vefslóð: <http://vhf.utvarp.com>


Vefslóð á KiwiSDR2 viðtækið hefur verið sett á opunarsíðu ÍRA á netinu þar sem slóðin er aðgengileg ásamt öðrum inn á viðtæki sem eru í boði til hlustunar yfir netið. Þakkir til þeirra Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A og Georgs Kulp, TF3GZ sem lánaði hluta búnaðar.

### 20. júlí – TF3YOTA í YOTA keppninni.

Kallmerkið TF3YOTA var virkjað frá félagsaðstöðunni í Skeljanesi laugardaginn 20. júlí. Um er að ræða 2. hluta YOTA keppninnar (af þremur)



„Youngsters on the air“ sem fram fer á SSB og CW á 80, 40, 20, 15 og 10 metrum. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA virkjaði kallmerkið á SSB á HF böndunum og hafði alls 159 sambönd í keppninni. Þakkir góðar til Elínar að setja TF3YOTA í



Elin Sigurðardóttir TF2EQ við tækin í fjarskiptaherbergi ÍRA í Skeljanesi 20. júlí. Sigurður R. Jakobsson TF3CW var til aðstoðar og setti m.a. upp dagbókarforrit fyrir YOTA keppnina.

loftið og til Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CW sem hjálpaði með að setja upp forritið DXLog.

YOTA verkefnið „Youngsters on the air“ er sam-eiginlegt verkefni landsfélaga radióamatöra innan IARU. Verkefnið hófst árið 2018 og hefur ÍRA hefur tekið þátt frá upphafi. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ er ungmennafulltrúi ÍRA og YOTA verkefnisstjóri og Árni Freyr Rúnarsson, TF8RN, aðstoðarverkefnisstjóri YOTA.

### 21. júlí – Nýtt CQ TF.

Nýtt hefti félagsblaðsins CQ TF, 3. tbl. 2024 kom út 21. júlí á heimasiðu ÍRA og FB síðum og er 40 bls. að stærð. Alls eiga 20 félagar efni í blaðinu. Forsíðumyndin var tekin af Sigurði R. Jakobssyni, TF3CW og er af Yngva Harðarsyni, TF3Y og Guðmundi Sveinssyni, TF3SG virkja TF3W frá Skeljanesi í CQ World Wide WPX morskeppninni 26. maí s.l. Þátttakendur voru átta í keppninni: TF3CW, TF/UT4EK, TF3Y, TF3UA, TF3KX, TF3DC, TF3EO og TF3SG. Meðal efnis, auk greina frá ritstjóra og formanni:


- Tilkynning um fund SYLRA 2025, sem haldinn verður að Úlfjótuvatni.
- Félagsstarfið í apríl til júlí.
- Páskaleikar ÍRA 2024, úrslit.
- Í fórum Friðrikshafnar 2024.
- Saga Wi-Fi.
- Leyfishafar í 60 ár.
- Starfsáætlun stjórnar ÍRA 2024/25.
- „Parks On The Air“ verkefnið.
- Radióskátar að Úlfjótuvatni 2024.
- Inrad W1 höfuðtölin og Icom stöðvar.
- 60 ára afmæli IOTA 2024.



- Viðurkenningar radióamatöra.
- Nýtt VHF viðtæki yfir netið.
- Fundargerðir stjórnarfunda.
- Smáauglýsingar.
- Helstu DX keppnir í júlí, ágúst og september.
- TF útileikarnir um verslunarmannahelgina.

### 23. júlí – Radiódót, gjöf til félagsins.

Tekið var á móti radiódóti í Skeljanesi þriðjudag 23. júlí. M.a. var um að ræða fjölsviðsmæli, Diamond X-30A VHF/UHF heimaloftnet, 4 stk. fjarskiptahátalara frá Wharfdale (gerð Modus), Mizusu talpressu, margskonar snúrur og kapla, Big Mouth bílhátalara, smáborð til nota í fjarskiptaherbergi og m.fl. Allt dót í góðu lagi. Þakkir til NN fyrir velvild í garð félagsins.



Dótið frá NN er aðallega lengst til hægri á myndinni.

### 25. júlí – Opið hús í Skeljanesi.

Ágæt mæting var í Skeljanesi 25. júlí og voru alls 14 félagar og 1 gestur í húsi. Rætt var um TF útileikana, enda margir orðnir spenntir fyrir þeim um verslunarmannahelgina. Einnig rætt um skilyrðin á 6 metrurum, m.a. um sambönd TF3JB og TF3T við KL7HBK í Alaska. Einnig um IOTA keppnina [um helgina]. Loks var rætt um stöðvar og búnað. Einar Sandoz, TF3ES sagði okkur frá „transverter“ sem hann keypti frá Úkraínu og notar við 2 metra FM stöðina sína til að fá SSB móton frá stöðinni á 10W. Einnig kom til umræðu nýja FlexRadio línan, sem mönnum líst vel á. Ódýrasta stöðin er vel samkeppnishæf og kostar um 450 þús. krónur (Flex 8400) komin til Íslands. Georg



Þorvaldur Bjarnason TF3TB og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS.



Sveinn Goði Sveinsson TF3ID búinn að koma upp nýjum tvöfaldu-  
um rafmanstengi við ræðupúltið.

Kulp, TF3GZ kom færandi hendi með radiódót frá Ara Þórólfi Jóhannessyni, TF1A. Þá endurnýjaði Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID jarðbundna tengilinn við ræðupúltið sem losnaði frá og skemmdist þegar síðasta erindi var flutt 27. júní s.l. Þakkir góðar til Sveins Goða.

### 27.–28. júlí – RGSB IOTA keppnin 2024.

RGSB IOTA keppnin fór fram helgina 27.–28. júlí á SSB og CW á 80, 40, 20, 15 og 10 metrum. Keppnin hófst á hádegi á laugardag og lauk á hádegi á sunnudag.

Félagsstöð ÍRA, TF3W var starfrækt í keppninni og virkjaði Sigurður R. Jakobsson, TF3CW stöðina frá Skeljanesi. Skilyrði voru léleg, eða eins eins og TF3CW orðaði það eftir keppnina þá voru þau það slæm „...að hann lokaði stöð og fór heim síðdegis á laugardag frekar en að berja á „dauðum“ böndum yfir nóttina“. Keppt var í blönduðum flokki (e. mixed) á CW og SSB og var niðurstaðan 976,080 heildarpunktar. Fjöldi sambanda var alls 632; 556 á CW og 74 á SSB. Alls náðust 162 margfaldarar og 5,880 punktar. Viðvera var: 12,27 klst.



Skeljanesi sunnudag 28. júlí kl. 11:50. Sigurður R. Jakobsson TF3CW klárar síðustu samböndin í IOTA keppninni 2024. Mynd: TF3JB.

Sérstakar þakkir til Sigurðar R. Jakobssonar fyrir þátttökuna frá félagsstöðinni og ekki síst fyrir vinnu og búnað sem hann lagði í undirbúning keppinnar.

Ennfremur þakkir til Benedikts Sveinssonar, TF3T sem veitti tæknilega aðstoð við undirbúning.

### 27. júlí – Bláfjöll yfir netið.

„HT“ hugbúnaðurinn sem Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Georg Kulp, TF3GZ tengdu til notkunar við 2 metra bandið þann 31. maí s.l. er farinn að vinna vel eins og heyra hefur mátt á 2 metra bandinu – en bæði TF4WD á Sauðárkróki og TF7DHP á Akureyri hafa verið QRV ásamt fleirum.



Á heimasíðu HT er í boði frítt „HT DWP“ „app“ til að tengjast Bláfjöllum yfir netið – í gegnum GSM síma. Félagsmenn um allt land geta þannig fengið afnot af 2 metra bandinu. Notaður er UHF hlekkur í Bláfjöllum; QRG 439.975 MHz.

Þakkir góðar til þeirra Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A og Georgs Kulp, TF3GZ fyrir þá miklu vinnu sem liggur að baki því að hægt er að nota „HT“ búnaðinn.

### 3.–5. ágúst – Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í Skeljanesi fimmtudaginn 1. ágúst. Alls voru 15 manns í húsi, þar af 7 erlendir gestir. Umsögn Andrésar Þórarinssonar, TF1AM um kvöldið: „Kaffi og meðlæti beið gesta. Alls mættu 8 félagsmenn. Fjöldi erlendra gesta kom, alls 7 manns, höfðu ferðast um landið í 2–3 vikur, og rigningin var ekki ofarlega í huga heldur fegurðin. Og gestunum frá Arizona þótti



Við stóra fundarborðið. Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Clair Bell (XYL KJ7OG), Benedikt Sveinsson TF3T, Steve Bell KJ7OG, Harry Rescher OE2HRO, Carol Kahn (XYL K6LOT), Dave Kahn K6LOT og Mathias Hagvaag TF3MH.




Í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Harry Rescher OE2HRO, Jack Woo WA6CR, Frigyes Erdösi-Szucs KB4RKS.

lofthitinn hér með ágætum, engar 40°C heldur frekar 10–15°C“. Þakkir til Andrésar fyrir finar ljósmyndir.

### 3.–5. ágúst – Vel heppnaðir TF útileikar 2024.

TF útileikar ÍRA 2024 fóru fram 3.–5. ágúst. Á annan tug leyfishafa tóku þátt og voru stöðvar virkar frá öllum landshlutum, nema frá Austurlandi. Flest sambönd voru á tali (SSB) en einnig á morsi (CW). Leikarnir fóru fram á 160, 80, 60 og 40 metrum. Ánægjulegt erindi barst frá Fjarskiptastofu fyrir leikana þess efnis, að leyfishafar hefðu heimild til að nota allt að 100W í tilraunum á 60 metra bandi í leikunum. Alls voru höfð 72 QSO frá TF3IRA, bæði á SSB og CW. Sjá nánar sérstaka umfjöllun um leikana aftar í blaðinu.



TF3IRA í sambandi í TF útileikunum við TF8KY á 60 metra bandi. Erling Guðnason TF3E við hljóðnemann.

Skilyrði til fjarskipta innanlands voru þokkaleg/léleg á laugardag en vel rættist úr á sunnudag. Félagsstöðin TF3IRA var virk báða dagana og voru alls höfð alls 72 sambönd frá Skeljanesi. Þeim sem virkjuðu stöðina: Erling Guðnason, TF3E og Jónas Bjarnason, TF3JB.

Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY hefur sett upp Excel skjal fyrir dagbókafærslur fyrir útileikana í ár eins og í fyrra (2023). Þátttakendur gátu sent Excel skjalið útfyllt til Hrafnkels sem útbjó skriftu með adif skrá sem hann sendi beint inn í gagnagrunn hjá TF3EK, umsjónarmanni TF útileikanna.



Mathias Hagvaag TF3MH og Erling Guðnason í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Á milli þess sem höfð voru sambönd í TF útileikunum var m.a. rætt um QSL kort.

Þakkir til félagsmanna fyrir þátttökuna. Sérstakar þakkir fær Einar Kjartansson, TF3EK umsjónarmaður TF útileikana fyrir góða kynningu og utanumhald. Ennfremur þakkir til Hrafnkels Sigurðssonar, TF8KY fyrir að útbúa framangreint Excel skjal.

### 8. ágúst – Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í Skeljanesi 8. ágúst. Alls mættu 12 félagar á staðinn og 2 gestir. Annar gestanna var erlendur, Manfred G. Bester, AG7NR sem er búsettur í Seattle í Washington í Bandaríkjunum. Hann er í raun aðfluttur Þjóðverji til Bandaríkjanna, með þýskt kallmerki, DL5KR og notaði hann það sem TF/DL5KR þegar hann var í loftinu á 2 metrunum meðan á dvöl hans stóð í Reykjavík. Hinn gesturinn var afabarn Sverris Sighvatssonar, TF2HC (fyrrum loftskeytamanns) sem mætti með af sínum í Skeljanes og var áhugasamur um amatör radió.



AG7NR/DL5KR

### 8. ágúst – Áhugaverð grein um skilyrðin.

Frank Donovan, W3LPL sendi frá sér áhugaverðan pistil um skilyrðin 8. ágúst:

Ain't this solar maximum great? Solar Cycle 25 is now much, much stronger than anyone anticipated, and its slowly growing stronger through at least this weekend. Today's [Wednesday] estimated international sunspot number is 281.



Its increasingly likely that we'll have widespread coast-to-coast and worldwide 6 meter F2 propagation during about half of the days between late October and at least early February. Widespread F2 openings are likely to bring 6 meter CW and SSB to life like we haven't experienced in more than 20 years.

The first sign of enhanced 6 meter F2 will be increasingly frequent TEP from Europe and North America to South America and the South Atlantic islands. TEP may begin very sporadically by late August

and become increasingly frequent later in September and especially during October.

Coast-to-coast F2 propagation and propagation crossing the Atlantic to Europe and Africa may begin sporadically during September and October and become frequent and long lasting by early November. Are you ready for this once in a lifetime experience?

73 Frank W3LPL.

### 10. ágúst – Góðir gestir frá Kína.

Laugardaginn 10. ágúst heimsóttu þau Fan Yechen BI1NGN, Mingyue-Yu XYL og vinur þeirra hjóna félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi. Þau eru búsett í Beijing í Kína og voru hér á landi í stutttri heimsókn sem ferðamenn.

Eftir því sem best er vitað, er Fan fyrsti kínverski radióamatörinn sem heimsækir ÍRA og sem fær úthlutað kallmerki frá Fjarskiptastofu; BI1NGN/TF.



Skipst á QSL kortum. Fan fékk afhent QSL kort TF3IRA og TF3JB og Jónas fékk afhent QSL kort BI1NGN og BY1TL. Derhúfan sem JB setti upp var sérstök gjöf og er merkt Tianlong klúbbum í Beijing.

Eftirtaldir félagar tóku á móti gestunum: Jónas Bjarnason, TF3JB formaður ÍRA; Andrés Þórarinsson, TF1AM varaformaður ÍRA; Sigurður R. Jakobsen, TF3CW; Jón Svavarsson, TF3JON og Mathías Hagvaag, TF3MH QSL stjórnari TF-ÍRA QSL Bureau.

Fan, BI1NGN hefur verið leyfishafi í fimm ár og er mjög áhugasamur um amatör radió. Hann sagði að radióamatörum hafi fjölgað mikið í Kína undanfarin ár. Hann nefndi að klúbburinn hans í Beijing telji



Fan BI1NGN og Mingyue-Yu XYL í fjarskiptaherbergi TF3IRA.

rúmlega 200 manns og eru þau með aðild að landsfélagi radióamatöra í Kína, „Chinese Radio Sports And Orienteering Association (CRSAOA)“. Klúbbfélagar hafa húsnaði þar sem þau hittast og bjóða m.a. upp á námskeið, en þar er ekki aðstaða til að setja upp loftnet. Þess í stað hittast félagarnir um helgar og fara þá á mismunandi staði með sendibúnað og loftnet og setja upp og virkja kallmerki klúbbsins. Hann sagði að það væri mjög vinsælt, en þau eru með klúbbstöð sem hefur kallmerkið BY1TL. Hann var mjög hrifinn af



Hluti félagsmanna í BY1TL klúbbi radióamatöra í Beijing. Ljósmynd: BI1NGN.

fjarskiptaadstöðu ÍRA í Skeljanesi en ekki gafst tími til að fara í loftið. Fan nefndi að lokum að þau væru yfir sig hrifinn af fegurð náttúru Íslands og jákvæðu viðmóti landsmanna.

Þakkir til Jóns Svavarssonar, TF3JON fyrir ljósmyndir.

### 15. ágúst – Umfjöllun um TF3WARD í QST tímariti ARRL.


Georg Magnússon, TF2LL gerði innsetningu á FB síðu ÍRA með mynd úr ágústhefti QST, en þar er m.a. birt grein um starfrækslu TF3WARD á alþjóðadag radióamatöra 2024; þann 18. apríl s.l.

Upplýsingarnar eru teknar beint af heimasíðu ÍRA en þar var frétt birt um starfrækslu TF3WARD daginn eftir starfrækslu TF3WARD. Glæsilegt, góð grein, vel gert. Þakkir til Georgs fyrir að vekja athygli á umfjölluninni.



### 15. ágúst – HF og VHF viðtæki yfir netið.

Það er vaskur hópur félagsmanna sem stendur að baki uppsetningu og annast rekstur og viðhald viðtækja yfir netið. Þeir leggja metnað í að halda þeim gangandi – svo ekki sé talað um tíma og fjármuni. Þetta eru Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A (Reykjavík), Georg



Kulp TF3GZ (Reykjavík), Árni Helgason TF4AH (Patreksfirði), Karl Georg Karlsson TF3CZ (Reykjavík) og Kristján J. Gunnarsson, TF4WD á Sauðárkróki. Um er að ræða eftirtalin viðtæki með vefslóð:

KiwiSDR HF, á Vogastapa: <http://stapi.utvarp.com/>

KiwiSDR HF, í Örlygshöfn: <https://tinyurl.com/utvarp-orlh>

KiwiSDR HF, á Sauðárkróki: <http://krokur.utvarp.com/>

KiwiSDR VHF, í Reykjavík: <http://vhf.utvarp.com/>

Airspy R2 SDR VHF, í Reykjavík: <http://perlan.utvarp.com/>

Þessar upplýsingar hafa verið settar inn á opunar-síðu heimasíðu félagsins. ÍRA metur þetta framlag mikils og þakkar þessum félagsmönnum fyrir dugnað og elju við að sinna verkefninu sem er mikilvægt fyrir radióamatöra sem gera tilraunir í þessum tíðnisviðum, auk hlustara og allra sem áhuga hafa á útbreiðslu radióbylgna.

### 15. ágúst – lokið við þrif á gólfdukk í eldhúsinu í Skeljanesi.

Þeir Andrés Þórarinnsson TF1AM, Georg Kulp, TF3GZ og Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID hittust í Skeljanesi síðdegis miðvikudaginn 14. ágúst og var klárað að þrifa gólfdukkinn í eldhúsinu.

Og, hvílíkur munur. Sjá meðfylgjandi ljósmynd sem Andrés, TF1AM tók hér að neðan. Sérstakar þakkir til þeirra félaga fyrir að gera félagsaðstöðuna vistlegri!



### 24. ágúst Tokyo Ham Fair 2024.

Tokyo Ham Fair sýningin 2024 fór fram í Japan helgina 23.–25. ágúst. Meðfylgjandi er stutt yfirlit um helstu nýjungar frá stóru framleiðendunum þremur.

ICOM IC-7760 er ný 200 W HF/50 MHz sendi-/móttökustöð (heimastöð). Stjórnborð og stöðvarkassi eru aðskilin og fyrir utan 7“ bandsjá bætist við 2,4“ bandsjá fyrir margskonar notkun. Á netinu velta menn m.a. fyrir sér hvort 7760 muni koma í stað 7610 stöðvarinnar, en slíkt verður að teljast frekar ólíklegt þar sem IC-7610 hefur 100 W sendi og kostar um \$3.000 en 7760 hefur 200 W sendi og kemur líklega til með að kosta um \$5.500. Öllu líklegra er því að IC-



7300 og IC-7610 verði eitthvað áfram framleiddar, en þær komu annars vegar á markað vorið 2016 (7300) og hins vegar 2017 (7610). Margir telja að IC-7760 eigi helst að keppa við nýju 8000 línuna frá Flex-Radio. Stöðin verður til afgreiðslu frá nóvembermánuði 2024.

KENWOOD er með 50 W bílstöð VHF/UHF sem kemur á markað á næsta ári (2025). Stöðin hefur ekki fengið sérstakt „TS“ heiti. Þessi stöð mun hafa „allt“,



þ.á.m. GPS, APRS, DSTAR o.fl. Menn segja að þessi væntanlega stöð sem sé í raun TH-D75A handstöðin sem verði umpakkað til notkunar í bílum með aðskildu stjórnborði.

YAESU FTX-1F er ný QRP HF/VHF/UHF sendi-/móttökustöð. Hún er kemur í stað FT-818 (sem hætt er að framleiða) og hefur innbyggða hleðslurafhlöðu (ef vill). Afl er 6W á rafhlöðum en 10W tengt í 13.8 volta aflgjafa. Útlit er í anda FTM VHF/UHF línunnar en



við bætist bandsjá líkt og er t.d. í FTdx101D/MP stöðinni.

### 27. ágúst – Fundur ritnefndar CQ TF.

4. fundur ritnefndar CQ TF á starfsárinu 2024/25 var haldinn í Skeljanesi 27. ágúst. Nefndarmenn fóru yfir efni síðasta tölublaðs (3. tbl. sem kom út 21. júlí s.l.). Fram kom m.a. að viðbrögð félagsmanna hafi almennt verið mjög góð.

Farið var yfir efni á lager og niðurröðun í næsta blað, 4. tbl. sem er á áætlun 13. október. Miðað við þá stöðu er ljóst að næsta blað verður a.m.k. 40 blaðsíður að stærð.



Fundur ritnefndar 27.8.2024. Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA ritstjóri, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS og Jónas Bjarnason TF3JB. Ljósmynd: TF3UA.

### 3. sept. – Alex er kominn með íslenskt kallmerki.

Alex M. Senchurov, UT4EK sem hefur verið búsettur á Íslandi undanfárin tæp tvö ár hefur fengið íslenskt kallmerki. Fjarskiptastofa gaf leyfisbréfið út þann 3. september og fékk hann kallmerkið TF3UT. Þess má geta til fróðleiks, að UT er eitt af forskeytunum fyrir Úkraínu. Hamingju-óskir til Alex með kallmerkið.



### 11. sept. – DMR endurvarpi í Skeljanesi.

Eins og fram hefur komið, m.a. á heimasíðu ÍRA, Facebook síðu félagsins og í 3. tbl. CQ TF, fékk félagið UHF endurvarpa af gerðinni Motorola DMR3000 að gjöf frá Finnlandi þann 13. júní s.l. Það er Erik



Myndin var tekin fyrir utan Skeljanes 13. júní 2024 þegar Erik Finskas færði félaginu DMR endurvarpann frá Motorola.

Finskas, TF3EY/OH2LAK sem hafði milligöngu um gjöfina.

Nokkrir félagar hafa sýnt DMR verkefnum áhuga, m.a. þeir Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, Andri Kjartansson, TF3JE og Einar Sandoz, TF3ES. Í ljósi þess hefur stjórn félagsins ákveðið að endurvarpinn verði settur upp í Skeljanesi í haust eða vetur.

### 12. sept. Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 12. september. Sérstakur erlendur gestur okkar var Tim Price, G4YBU frá Epson í Surrey á Englandi. Tim er CW maður og hefur einnig ánægju af SOTA vinnu. Hann var yfir sig hrifinn af aðstöðu félagsins í Skeljanesi.



Skeljanesi 12. september. Andrés Þórarinnsson TF1AM varafor- maður ÍRA og Tim Price G4YBU.

Annar gestur okkar var Sverrir Sighvatsson, TF2HC sem kom í fylgd afastráks. Einar Sandoz,



Afastrákur TF2HC og Sveinn Goði Sveinsson TF3ID athuga með stillingar á rafmagnsmorslykli Sverris.





Einar Sandoz TF3ES, Rikharður Þórsson og Sverrir Sighvatsson TF2HC ræða málin.

TF3ES tók að sér að „prógrammera“ nýja VHF/UHF stöð sem hann kom með á staðinn. Einnig hjálpaði Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID með stillingar á rafmagnsmorslykli sem hann var í vandræðum með.



Mathías Hagvaag TF3MH og Guðjón Gíslason. Guðjóni fannst mikið til koma um fjarskiptaherbergi TF3IRA og TF-ÍRA QSL Bureau.

Einn gestur til viðbótar var Guðjón Gíslason, sem mætti til að kynna sér áhugamálið og verður hann sá 21. sem er skráður á námskeiðið. Guðjón er vélstjóri að mennt.

Loks mætti Lárus Baldursson, TF3LB með mikið af dóti, eða eins og hann orðaði það sjálfur: „Ég ætla koma með fullt af gömlum amatöra bókum og talstöðvum ef einhver nýliði hefur áhuga á gömlu dóti“.



Lárus Baldursson TF3LB fyrir utan fjarskiptaherbergi TF3IRA.

Alls mættu 24 félagar og 4 gestir í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld í stilltu haustveðri og 6°C í vesturbænum í Reykjavík.

### 15. sept. – Endurvarpinn TF2RPJ fluttur á fjallið Strút.

Eins og fram kom á fundi Benedikts Guðnasonar, TF3TNT með félagsmönnum ÍRA í Skeljanesi 23. nóvember (2023) var framtíðarsýn Benedikts fyrir endurvarpann á Mýrum (TF2RPJ) þessi: „Færa endurvarpann á Mýrum upp á Strút sem er vestan Langjökuls í góðri hæð. Þannig fengist ólíkt betra samband um vestanvert landið en með núverandi staðsetningu á Mýrum“. Þessar upplýsingar voru í framhaldi birtar á heimasíðu ÍRA og FB síðum og í CQ TF, 1. tbl. 2024 sem kom út 28. janúar 2024.



Bill og maður á leið upp á fjallið Strút. Ljósmynd: TF3GZ.

Sunnudaginn 15. september lögðu þeir Benedikt Guðnason, TF3TNT, Guðjón Egilsson, TF3WO og Georg Kulp, TF3GZ á fjallið Strút. Verkefni dagsins var að setja upp endurvarpann TF2RPJ sem áður hafði verið QRV frá Álftanesi á Mýrum. Verkefnið gekk að óskum og var endurvarpinn kominn í loftið um eftirmiðdaginn. Ekki var hægt að koma loftneti fyrir nægjanlega hátt í turninn á fjallinu vegna ísingar og erfiðra veðurskilyrða – en hugmyndin að notast við núverandi staðsetningu þar til næsta sumar þegar



Ísing er viðvarandi á þessum árstíma þegar komið er upp í þetta mikla hæð. Nýuppsettur tvipóllinn sést á miðri mynd. Ljósmynd: TF3GZ.



Útsýni er mikið frá toppi Strúts. Ljósmynd: TF3GZ.

Það verður fært efst í turninn. Þakkir til þeirra félaga fyrir að annast þetta mikilvæga verkefni.

Fjallið Strútur er 937 metra hátt fjall austan við Húsafell og vestan megin við Eiríksjökul. Af fjallinu er mikið útsýni yfir Arnarvatnsheiði, Borgarfjörð, Húnavatnssýslur og Strandafjöll. Strútur er þannig nokkru herra fjall en Esjan sem er í 924 m hæð. Til samanburðar er TF3RPA á Skálafelli í 771 m; TF5RPD á Vaðlaheiði í 551 m og TF5RPB í Bláfjöllum í 690 m.

### 16. sept. – Námskeið ÍRA til amatörprófs haustið 2024 er hafið.

Námskeið ÍRA til amatörprófs haustið 2024 hófst í Háskólanum í Reykjavík mánudaginn 16. september. Jónas Bjarnason, TF3JB formaður félagsins setti námskeiðið kl. 18:30.



Jónas Bjarnason TF3JB, formaður ÍRA setti námskeiðið stundvíslega kl. 18:30. Aðrir á mynd: Hörður Mar Tómasson TF3HM sem hóf kennsluna fyrsta kvöld námskeiðsins og Georg Kulp TF3GZ ritari.



Mynd af þátttakendum. Alls eru 19 skráðir á námskeiðið en 12 voru mættir í kennslustofu þegar myndin var tekin.

Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur til 29. október n.k. Alls eru 19 þátttakendur skráðir, auk 4 sem eru skráðir í próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis sem haldið verður 2. nóvember n.k.

Eftir setningu tók Hörður Mar Tómasson, TF3HM við og hóf kennsluna. Hann verður einnig með kennslu þriðjudagskvöldið en Njáll H. Hilmarsson, TF3NH tekur við á miðvikudag. Kennsla verður síðan samkvæmt tímaplani. Bestu óskir um gott gengi til þátttakenda og þakkir til allra sem koma að verkefningu.

### 18. sept. – Neyðarfjarskipti á 80, 40 og 20 metrum.

ÍRA hafa borist upplýsingar um að tíðnir á 80, 40 og 20 metrum sem hafa verið teknar til notkunar fyrir neyðarfjarskipti eftir flóðin í Evrópu, en radióamatörar halda uppi fjarskiptum á stórum landssvæðum, þ.á.m. í Pólandi, Tékklandi, Rúmeníu og í Austurríki.

Tíðnirnar eru: 3.760 MHz og 7.110 MHz og 14.300 MHz. Þess er farið á leit að íslenskir radióamatörar taki tillit til þessara forgangsfjarskipta, a.m.k. næstu daga. Stjórn ÍRA.

### 19. sept. – Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðunni í Skeljanesi 19. september. Ágæt mæting eða 12 félagar. Lárus Baldursson, TF3LB kom færandi hendi með meira radiódót, annan fimmtudaginn í röð.



Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Lárus Baldursson TF3LB, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Jón Björnsson TF3PW og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS.

### 21. sept. – TF3W í SAC CW keppninni 2024.



SAC CW keppnin var haldin helgina (21.-22. september). Sigurður R. Jakobsson, TF3CW virkjaði TF3W frá Skeljanesi. Sigggi sagði að það hafi verið góð skilyrði, sbr. 22 klst. viðveru. Hann var alls með 1.870 QSO, 191 margfaldara, 4.850 punkta og 830.850 heildarpunkta. Glæsilegt hjá Sigga! Sérstakar þakkir til Sigga fyrir þátttökuna og allan undirbúning.

**26. sept. – opið hús í Skeljanesi.**

Opið hús var í félagsstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 26. september. Erlendir gestir okkar voru Patrick, NK7C og XYL Cyndi, N7NND ásamt tveimur barnabörnum. Þau eru búsett í Monroe í Utah og voru hér á stuttu ferðalagi. Þau voru mjög hrifin af aðstöðu félagsins og fannst mikið til koma með fjarskiptaaðstöðu TF3IRA. Þat hafði nokkur sambönd frá félagsstöðinni til Evrópu þar sem ekki voru skilyrði heim til Utah.



Barnabörnin tvö, Cyndi M. Hess N7NND, Patrick G. Hess NK7C og Andrés Þórarinnsson TF1AM varaformaður ÍRA.



Pat NK7C sagðist kunna vel við sig í stólum fyrir framan Icom IC-7610 stöðina en hann á einmitt eina slíka heima í Utah.

Mikið var rætt um fjarskiptin og skilyrðin á böndunum og tæki og búnað, m.a. nýju Icom IC-7760 200 W HF stöðina og FlexRadio 8000 línuna. Ennfremur



Mathías Hagvaag TF3MH, Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN, Gísli Guðnason TF6MH, Einar Kjartansson TF3EK, Sigmundur Karlsson TF3VE, Benedikt Sveinsson TF3T og Jón Björnsson TF3PW (bak í myndavél).



Pier Albert Kaspersma TF3PKN forritar nýju Yaesu FT-500DE VHF/UHF stöðina fyrir Guðmund Birgi Pálsson TF3AK.

var rædd dreifing merkja á VHF og UHF tíðnisviðum innanlands og sú hugmynd kom fram, að áhugavert gæti verið að safna slíkum upplýsingum saman á einn stað.



Andrés Þórarinnsson TF1AM, Lárus Baldursson TF3LB, barnabarn, Cyndi N7NND, barnabarn og Garðar Valberg Sveinsson TF8YY.

Guðmundur Birgir Pálsson, TF3AK sýndi okkur nýja Yaesu FT-500DE VHF/UHF 2m/70cm bílstöð sem hann kom með á staðinn. Lárus Baldursson, TF3LB kom með radiódót. Bestu þakkir til Lárusar fyrir velvild í garð félagsins.



Lárus Baldursson TF3LB kom ferandi hendi með radiódót í Skeljanes þetta fimmtudagskvöld. Sjá hægra megin á myndinni. Ljósmyndir: TF3JB.

Alls mættu 18 félagar og 4 gestir í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld í stilltu haustveðri í vesturbænum í Reykjavík.



## Sumarleikar ÍRA 2024

*Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY, umsjónarmaður*

Gömlu U-VHF leikarnir hafa fengið nýtt nafn: „SUMARLEIKAR 2024“. Nú bindur nafnið okkur ekki við sérstök bönd. Samt sem áður er leikurinn sá sami, nema að í ár var ákveðið að prófa að hafa 10 metra bandið með.

Leikarnir eru haldnir með það í huga að hafa gaman af áhugamálinu á 10 metrum, VHF bandinu og ofar. Hugmyndin er einkum að örva þátttöku á hærri tíðnisviðunum innanlands, reyna búnaðinn og sérstaklega að hvetja þá sem eru nýir til að fara í loftið sem og þá sem hafa verið í dvala um tíma. Markmið þátttakanda er að ná sem flestum samböndum, yfir sem lengstar vegalengdir og sem víðast um landið.

Fyrir þá sem eiga þess kost að vera „færanlegir“, má ná fleiri stigum með að flytja sig á milli staða. Hægt er að taka þátt frá heimahúsum, sumarbústöðum og hjólhúsum, eða með handstöðvum á fjallatoppum (eða annars staðar frá) eða í bílum, mótörhjólum eða (þess vegna) reiðhjólum eða öðrum farartækjum.

### **Yfirlit.**

Leikarnir fóru fram helgina 5.–7. júlí. Þátttaka var góð; alls voru 24 þátttakendur. Það er einni stöð fleiri en sendu inn gögn í fyrra (2023). QSO voru alls 737 í gagnagrunni og heildarvegalengd var alls 25.823 km.

Virkni í leikunum var góð en dreifing stöðva um landið var heldur minni en oft áður. Veður var gott, sól og blíða víða um land. Þátttakendur voru að njóta blíðunnar frekar en að ferðast mikið á milli staða. Margir voru í útilegum og héldu kyrru fyrir. Ef tekin eru úr gagnagrunni sambönd á milli mismunandi 6 stafa reita á mismunandi böndum sem hafa vegalengdina lengri en 80 km (utan endurvarpa), þá fáum við 29 þör reita í Sumarleikum 2024.

Undanfarnir leikar gefa eftirfarandi tölur:

Sumarleikar 2024	29 þör
Páskaleikar 2024	36 þör
VHF/UHF leikar 2023	80 þör
Páskaleikar 2023	50 þör
VHF/UHF leikar 2022	50 þör
Páskaleikar 2022	21 par



*Reitir sem voru virkjaðir í Sumarleikum 2024*

Leikarnir fóru fram á 2, 4, 6 og 10 metrum, á 70 og 23 sentímetrum og á endurvörpum. Allar tegundir útgeislunar voru heimilar. Hafa mátti samband hvernær sem var þessa 2 sólarhringa og við sömu stöð oftár en einu sinni, en a.m.k. 6 klukkustundir þurftu að líða á milli sambanda til að fá punkta.

Blásið var til leiks kl. 18:00 föstudaginn 5. júlí og stóðu leikarnir yfir til kl. 18 sunnudaginn 7. júlí. Þessi tímasetning var fyrst prófuð 2020 og kom þetta breytta fyrirkomulag mjög vel út. Hugmyndin er að sami háttur verði framvegis hafður á í leikunum.

Eins og venjulega var „on-line“ leikjavefur þar sem þátttakendur gátu skráð sig til leiks. Vefurinn var endurbættur og gengur nú hnökralaust. Hægt var að skrá sig í leikinn allan tímann sem hann stóð yfir.

Umsjónarmaður kynnti leikana á heimasíðu ÍRA og Facebook síðum 27. júní og 3., 6. 7. og 11. júlí. Allar upplýsingar komu einnig fram á netinu, s.s. um leikjavefinn, um reitakerfið, auk snjallsímaforritsins „QTH



*TF2MSN varð í 1. sæti Sumarleikanna 2024. Myndin var tekin í fjarskiptaherbergi Óðins heima á Akranesi. Ljósmynd: TF1AM.*

Bestur árangur í þremur efstu sætunum.

Verðlaunasæti Sumarleika ÍRA			Flest sambönd í Sumarleikum ÍRA		
1. sæti 2024 – verðlaunagripur	Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN	66.000 heildarstig	1. sæti 2024 – viðurkenningarskjal	Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN	234 QSO
2. sæti 2024 – verðlaunagripur	Eiður Kristinn Magnússon, TF1EM	39.840 heildarstig	2. sæti 2024 – viðurkenningarskjal	Eiður Kristinn Magnússon, TF1EM	186 QSO
3. sæti 2024 – verðlaunagripur	Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY	30.450 heildarstig	3. sæti 2024 – viðurkenningarskjal	Pier Albert Kaspersma, TF3PKN	166 QSO



Eiður Kristinn Magnússon TF1EM varð í 2. sæti Sumarleikanna 2024. Myndin er af fjarskiptaaðstöðu hans í Reykjavík. Ljósmynd: TF1EM.



Hrafnkell Sigurðsson TF8KY varð í 3. sæti í Sumarleikumunum 2024. Mynd af aðstöðu hans á tjaldsvæðinu í Þykkvabæ. Ljósmynd: TF8KY.

Locator“ sem má nota til að komast að reitanúmeri sínu.

Bráðabirgðaniðurstöður leikanna sumarið 2024 voru kynntar 7. júlí á heimasíðu og Facebook, en hér að aftan eru birt heildarúrslit.

Lengstu QSO vegalengdir eftir böndum (tíðnisviðum):

23 cm (1240 MHz)	TF2MSN & TF1AM	33 km
70 cm (430 MHz)	TF2MSN & TF3AK	147 km
2 m (144 MHz)	TF2MSN & TF3AK	147 km
4 m (70 MHz)	TF2MSN & TF3VE & TF3PKN	28 km
6 m (50 MHz)	TF1JI & TF1EIN	96 km
10 m (28 MHz)	TF2MSN & TF3T	71 km
EV (endurvarpar)	TF3EO & TF1JI	154 km

Úrslit í Sumarleikumunum 2024 samkvæmt heildarstigum.


Nr.	Kallmerki	Nafn	Heildarstig
1.	TF2MSN	Óðinn Þór Hallgrímsson	66.000
2.	TF1EM	Eiður Kristinn Magnússon	39.840
3.	TF8KY	Hrafnkell Sigurðsson	30.450
4.	TF3PKN	Pier Albert Kaspersma	22.840
5.	TF1AM	Andrés Þórarinnsson	19.872
6.	TF3VE	Sigmundur Karlsson	17.680
7.	TF1JI	Jón Ingvar Óskarsson	11.100
8.	TF3EO	Egill Ibsen	8.450
9.	TF3AK	Guðmundur Birgir Pálsson	8.296
10.	TF3E	Erling Guðnason	7.840
11.	TF3JB	Jónas Bjarnason	7.224
12.	TF8TY	Björn Þór Hrafnkelsson	6.669
13.	TF3LM	Jón G. Guðmundsson	5.700
14.	TF6MK	Gísli Guðnason	4.581
15.	TF3IRA	ÍRA	3.224
16.	TF3GZ	Georg Kulp	2.406
17.	TF3T	Benedikt Sveinsson	1.771
18.	TF3TON	Þór Magnússon	792
19.	TF1EIN	Heimir Konráðsson	208
20.	TF3Y	Yngvi Harðarson	52
22.	TF3KB	Kristján Benediktsson	8
23.	TF3EK	Einar Kjartansson	4
24.	TF3DC	Óskar Sverrisson	2

Undirbúningur Sumarleikanna var einkum í höndum TF8KY og TF2MSN. TF8KY annaðist og endurbætti sérstakan gagnagrunn leikanna (og hjálparsíðu) á netinu vegna innsetningar á samböndum.

Óðinn Þór, TF2MSN aðstoðaði við kynningu, undirbúning og veitti notendaaðstoð við vefkerfi. Bestu þakkir til stjórnar ÍRA fyrir stuðninginn. Umsjónarmaður Sumarleikanna 2024 þakkar öllum þátttökuna.

73 de TF8KY.

Sumarleikar 2024; svipmyndir.




Fjarskiptaaðstaða TF3EO heima í Keflavík. Ljós.: TF3EO.



Andrés Þórarinnsson TF1AM í fjarskiptaaðstöðunni heima í Mosfellsbæ. Ljós.: TF1AM:



TF8KY staddur á Suðurlandi. Ljósmynd: TF8KY.



Fjarskiptaaðstaða TF8KY í fellihýsinu. Icom IC-7100 stöð og búnaður. Ljósmynd: TF8KY.



Fjarskiptaaðstaða TF3E í bifreiðinni. Yaesu FT-891A stöð og lofnet á segulfæti. Ljósmynd: TF3E.



Sigmundur Karlsson TF3VE í fjarskiptaaðstöðunni heima í Hafnarfirði. Ljósmynd: TF2MSN.



Heimasmíðað lofnet TF2MSN á 4 og 6 metrum. Ljós.: TF2MSN.



Fjarskiptaaðstaða TF3IRA á 28 MHz í Sumarleikumum. Ljós.: TF3JB.



## TF útileikar ÍRA 2024


*Einar Kjartansson, TF3EK umsjónarmaður*

TF útileikar ÍRA fóru fram um verslunarmannahelgina samkvæmt venju og bar leikana upp á dagana 3. til 5. ágúst. Nú voru nokkuð breyttar reglur varðandi upplýsingar sem skipst er á og útreikning stiga. Nú þarf aðeins aðeins að senda staðsetningu, sem sex stafa Maidenhead reit og númer sambands. Stig reiknuð út frá fjarlægð sem reiknuð er út frá sex stafa reitum, í stað fjögurra áður. Þessi breyting gefur miklu nákvæmara mat á fjarlægð.

Þetta var annað árið í röð þar sem segulstormar settu verulegt mark á leikana og fá sambönd náðust út fyrir Faxaflóasvæðið. Skilyrðin voru þokkaleg á laugardeginum en á sunnudag fór Kp stuðullinn upp í 7 sem skýrir það að sambönd náðust vala nema með jarðbylgju yfir Faxaflóann á sunnudag og mánudag. Sjá línurit hér til hliðar.

Tafla 1 sýnir árangur þátttakenda í TF útileikunum 2024.

Sæti	Kallmerki	QSO fjöldi	QSO stig	Margfaldarl	Stig alls
1.	TF8KY	133	21.572	6	129.432
2.	TF1AM	109	16.486	6	98.916
3.	TF3EK	60	9.268	6	55.608
4.	TF2MSN	110	14.639	3	43.917
5.	TF1EM	94	12.9830	3	38.949
6.	TF3VE	97	12.735	3	38.205
7.	TF4WD	35	11.040	3	33.120
8.	TF1JI	37	9.227	3	27.681
9.	TF3IRA	69	9.064	3	27.192
10.	TF3JB	32	3.824	3	11.472
11.	TF3SG	6	727	3	2.181



Alls var skilað inn dagbókum fyrir 11 stöðvar, með 782 færslum fyrir sambönd. Samanlagður stigafjöldi var 120.838. Eins og sjá má á töflu 2 hefur fjöldi þeirra sem skila inn dagbókum tiltölulega lítið breyst meðan samböndum hefur fjölgað mikið. Þetta er bæði vegna þess að fleiri eru virkir mest allan tímann og miklu fleiri sambönd eru böndum öðrum en 80 metra bandinu. Það eru samt fáir sem fara út og færa sig milli staða, þeir voru aðeins þrír í þetta skipti. Það hefur frá upphafi verið eitt af markmiðum TF Útileika auka þekkingu á útbreiðslu radióbylgna og að auka færni radióamatöra í starfrækslu færanlegra stöðva.

Þakkir til félagsmanna fyrir þátttökuna,

*Einar Kjartansson, TF3EK  
Umsjónarmaður*


Tafla 2 sýnir yfirlit virkni í TF útileikum ÍRA á tímabilinu 2017-2024.

ÁR	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Fjöldi dagbóka	12	10	11	14	13	15	15	11
Færslur í dagbókum (QSO)	122	125	130	302	233	578	804	782
Meðal margfaldari	3,23	3,53	3,58	4,33	3,69	3,40	3,40	3,82


SVIPMYNDIR ÚR TF ÚTILEIKUNUM 2024.




Hrafnkell Sigurðsson TF8KY sigraði í TF útileikunum 2024. Hér er hann staddur fyrir ofan Vogastapa á Reykjaneskaga. Ljósmynd: TF8KY



Erling Guðnason TF3E virkjaði félagsstöðina TF3IRA í TF útileikunum 2024 ásamt fleirum. Ljósmynd: TF3JB.



Fjarskiptaáðstaða TF3VE í Hafnarirði í útileikunum. Mynd: TF3VE.



Fjarskiptaáðstaða TF2MSN á Akranesi. Ljósmynd: Landmark.



TF1AM staddur fyrir ofan Borgarnes og búinn að setja upp og stilla stangarlofnetið á 80 m. Mynd: TF1AM.



6,4 metra hátt Diamond BB-7V stangarlofnet TF4WD uppsett í fjörunni í námunda við Sauðarkrök. Ljósmynd: TF4WD.





## Kóaxtengi, balún og frágangur tengja

Georg Magnússon, TF2LL

Kveikjan að þessari grein er sú að ég fékk í hendurnar balún 4:1 í vatnsheldu plastboxi frá ameríska fyrir-tækinu Balun Designs, útbúið með UHF SO-239 kóaxtengjum fyrir inn og útgang.

Þessi gerð kóaxtengja er sú algengasta sem notuð er fyrir HF sendi- og viðtæki, loftnetaðlögunartæki, loft-netaskipta o.fl.


Eins og sést á mynd 1 er boxið ljótt að innan. Tæring og útfelling á flönsum tengjanna en vírar og lóðningar í lagi. Hvernig má það vera að balún í vatnsheldu boxi frá virtum framleiðanda líti svona út?




Mynd 1. Balún box, eigi fagurt að innan.

Fyrst má nefna að engin loftræsting er á boxinu, kóaxtengin eru sett innanvert í boxið, þ.e. flansarnir eru að innanverðu og ekkert lím eða pakkningar voru sjáanlegar á flönsum.

Á mynd 2 má sjá að SO-239 flanstengið hefur verið tekið úr, gatinu lokað með límkíttri og ryðfrír boltar settir í staðinn en balúnið er notað fyrir tvíþól með opinni 450 W stigalínu og því betra að vera með bolta til þess að tengja stigalínuna beint í stað þess að vera með kapalskott.



Mynd 2. SO-239 tengið hefur verið fjarlægt og kittað í gatið. Tveimur boltum hefur verið komið fyrir til að tengja stigalínu við balúnið



Til vinstri: PL-259 til hægri: SO-239.


Á myndum 3 og 4 má sjá að inntakstengið hefur verið tekið úr, og sett aftur í með flansinn utanvert á boxinu og tengt yfir báða festiboltana að innanverðu til þess að auka leiðnina út í flansinn.



Mynd 3. SO-239 tengið hefur verið fest með flansinn að utanverðu

Í svona lokuðum balún boxum myndast hiti og raki vegna hitamismunar inni í boxinu og úti fyrir, því er nauðsynlegt að loftræsta svona box. Hægt er að fá sérstaka öndunarstúta en oftast er nóg að bora tvö u.þ.b. 5 mm göt á botninn, ef boxið er ekki útbúið með öndun frá framleiðandanum eins og í þessu tilviki.

Stöðluð lengd á SO-239 tengi er oftast 14 mm frá enda og inn á flans. Þegar kóaxtengi eru sett í plast-box með 4 mm veggþykkt er nauðsynlegt að hafa




Mynd 4. SO-239 tengi fest að utanverðu



Mynd 5. Róin á karltenginu leggst alveg að veggnum.

flansinn að utan. Á mynd 5 sést hvernig róin á karltenginu leggst alveg að veggnum og því ekki hægt að vatnsverja almennilega með suðubandi, en nauðsynlegt er að það nái frá rónni og yfir á gengjurnar á flanstenginu. Á mynd 6 má sjá flansinn að utanverðu og nægjanlegt bil frá ró að flansi.




Mynd 6. Nægjanlegt bil frá ró að flansi.

Að sjálfsögðu er hægt að vatnsverja með „coax seal“ eða jafnvel límkítti og maka þá yfir flansinn og út á plastið en þá er betra að pússa plastið aðeins með sandpappír. Þeir sem eldri eru muna eflaust eftir mjúku rafmagnshnoðkítti sem gjarnan var kallað „selurinn“ af því að það fékkst hjá Shell! Þetta hnoðkítti harðnaði ekki og var mikið notað á alls konar gegnumtök til sjávar og sveita en ég hef ekki rekist á það í mörg ár. Það góða við „selinn“ var að auðvelt var að fjarlægja og hreinsa. Svólítið annað en með „coax seal“ og suðuband sem festist vel og er erfitt að hreinsa og því ágætis ráð að vefja fyrst með einangrunarbandi yfir tengið frá kapli og að róarendanum og suðuband eða „coax seal“ yfir það og láta ná örlítið út yfir endana því það þarf ekki mikið til að þetta með rónni og svo kaplinum. Síðan er vafið einangrunarband yfir allt saman. Þannig frágengið verður auðvelt að skera upp og þrifa ef á þarf að halda.

Ég mældi nokkur tengi frá enda og inn á flans og/ eða inn á bakhlíð nokkurra tækja, Yaesu FT-747GX = 11 mm. ICOM IC-706 MKIIG = 14 mm. QYT KT-8900 (2 m tæki) = 14 mm. Rig Expert AA-54 = 9 mm. ICOM IC-710 = 14 mm. Takið eftir tenginu á Rig Expert mælinum, þar eru aðeins 9 mm sem er ekki

gott þegar róin er 11 mm og gap verður í milli miðjanna.

Á mynd 7 eru þrjú mismunandi balún. Boxið til vinstri frá Balun Designs, í miðjunni er balún frá Big Signal og það til hægri er frá Radio Wavz. Þau síðarnefndu voru keypt í HRO búð í Ameríku, öll gerð til þess að vera úti. Takið eftir yfirleiðaranum á balúninu í miðjunni, þarna leggst PL-259 róin að yfirleiðaranum. Þessi tvö sívölu balún hef ég notað á ferðalögum yfir sumartímamann t.d. á TF útileikum o.fl. og því ekki vatnsvarið tengin sérstaklega. Hins vegar sagaði ég af rónni á tenginu sem ég nota á balúnið með yfirleiðaranum vegna þess að róin lagðist að leiðaranum og miðjurnar náðu ekki saman.



Mynd 7. Þrjú balún misjafnlega útfærð.

Mynd 8 sýnir nokkrar gerðir UHF PL-259 og SO-239 tengja, auk samtengja, karl/karl, kerling/kerling, samtengi-kerling í N-tengi og 90° beygja. Samtín-ingur hédan og þaðan.

Nú hugsa eflaust margir, hvers konar frágangur er þetta eiginlega á kaplinum inn á tengið? Svarið er einfalt, á RG-213 kaplinum lóða ég skerminn utan á hálsinn á tenginu í stað þess að brasa við að lóða hann í gegn um götin og vatnsver með suðubandi. Lítilsháttar galli við þessa aðferð er sá að ekki er hægt að stinga tenginu saman og skrúfa svo róna á eftir því róin gengur ekki upp yfir lóðninguna því það þarf að skrúfa tengið saman. En aðferðin hefur reynst mér vel og ég hef ekki notað krumpuð PL-259 tengi.


Flanstengin til vinstri og hægri eru frá Amphenol og eru tekin úr 50 ára gömlum CB tækjum. Flanstengið í miðjunni er nýtt, „no name“ frá Amazon en þó merkt SO-239. Pinnarnir í PL-259 er 4 mm sverir en götin í þessum ódýru SO-239 eru misjafnlega sver. Miðjan er gerð úr lélegu efni, spennan lítil sem engin og endist illa vegna lélegra efnisgæða. Í gömlu



Mynd 8. Nokkrar gerðir SO-239 og PL-259 tengja.

tengjunum er gatið 3,5 mm á móti 3,8 – 4 mm sem er afleitt til viðbótar við lélega spennu. Í gegnumtakinu næst lengst til vinstri er gatið öðrum megin 4 mm og hinum megin 3,8 mm! Samtengin, karl-tengin tvö, hlið við hlið eru mislöng eins og sést, munurinn felst aðallega í rónni sem er mun lengri á öðru tenginu sem verður þess valdandi að miðjurnar herðast ekki saman. Þegar ég mæli slatta af gömlum og nýjum tengjum, frá róarenda og inn á tenntu miðjuna kemur í ljós að þetta er mjög misjafnt, allt frá 9 mm og upp í 12,5 mm. Þá er og rétt að geta þess að mismunandi er hversu margar gengjur eru á tenginu fyrir róna.

Á mynd 9 má sjá hvað ég á við að miðjurnar nái ekki að leggjast almennilega saman. Vinstra megin er gap á milli miðju tengjanna en hægra megin eru miðjurnar saman. Þegar rærnar eru of langar og gap



Mynd 9. Vinstra megin ná miðjurnar ekki saman.

verður á milli er leiðnin eingöngu úr gengjunum á tenginu, út í róna og þaðan yfir í flanstengið. Við viljum hafa miðjurnar saman og tennurnar læstar. Þannig fæst betri leiðni auk þess sem tennurnar gera það að verkum að tengið snýst ekki og þar með kapallinn þegar rón er skrúfuð föst.

Oft er sagt að menn fái það sem þeir borga fyrir sem er rétt, góð kóax tengi eru dýr og því freistast menn til þess að hringja í Alíbabamazon.

Ég skipti þessu svolítið upp, kaupi PL-259 frá kínversku feðgunum en SO-239 annars staðar frá. Ekkert þýðir að kaupa þau tengi, hné, samtengi og gegnumtök frá þeim því götin eru víð og spennan lítil sem engin og endist lítið sem ekkert.

Menn verða að veга og meta hve miklu þeir verja í kaup á tengjum. Flestir nota engin ósköp af tengjum og því sjálfsagt að vanda valið. Mikið úrval er á boðstólum, lóðað, krumpað, skúfað með þéttingum á kapalkápuna o.fl. Því miður hafa amatörbúðir og sumir framleiðendur fallið í þá gryfju að selja ódýrt drasl.

Að lokum eru hér nokkur fyrirtæki sem selja kóaxtengi:

RS Components, Davis RF, Wimo, DX Engineering, ML og synir.

Öreind, Íhlutir, Eico og Sónar hafa átt góða kapla og tengi.

73 de TF2LL  
Georg Magnússon.



## Bíloftnetin mín í radióleikum ÍRA

Andrés Þórarinnsson, TFIAM

Ég hafði ekki tekið þátt í radióleikum ÍRA lengi, en þegar hægðist um þá ákvað ég að reyna. Fyrst voru útileikarnir í júlí/ágúst 2021. Ég átti efni í 8m álstangir í 2ja metra lengdum sem einmitt komust inn í bílinn. Það er auðvelt að vera með dípóla og útgeislað merki er gott og skipulagið varð þannig að í aðra stöngina voru festir dípólar í kross fyrir 160m og 80m böndin hvor á sínum kóax, en í hina stöngina voru festir dípólar í kross fyrir 60m og 40m böndin. Þegar engi hjálp er að hafa þá þarf smá lag til að reisa svona stangir, t.d. að festa 3 stög fyrirfram, að festa kóaxana við stöngina svo þeir lafi ekki niður og að hafa langan gaffal til að ýta stönginni upp eins og hægt er. Þetta var reist við kirkjuna úti í Dagverðarnesi þar sem nægt landrými er og sjór er nálægur. Þetta virkaði með miklum ágætum, og með kóaxrofa var skipt á milli neta. En þetta var handleggur og það tók 3 klst. að koma loftnetunum upp og aðrar 1,5 klst. að taka niður, og svo var þátttakan 3 klst. og akstur til og frá svo þetta varð gott dagsverk. Og sama sagan aftur á nýjum stað. Ég kom heim eftir útileikana og hugsaði sem svo að þetta yrði að einfalda.



Útileikar 2021 í ágætisveðri, QTH er Dagverðarnes.

Næst voru páskaleikarnir í apríl 2022. Ég hafði útbúið planka til að keyra upp á og þeir voru með rörafestingu á liðamótum og þannig var hægt að setja loftnet í stöng og reisa án staga og þetta lofaði góðu og þá þurfti ekki allt þetta landrými fyrir stögin því slíkt landrými er ekki á hverju strái. Allt var undirbúið ágætlega. Auðvitað eru loftnetin í páskaleikunum á sínum háu tíðnum stutt miðað við dípólana áður en samt þarf 80 m net. Svo rann dagurinn upp og það var farið út á mörkina og sett upp og það var



Páskaleikar 2022 í hávaðaroki, QTH er borplan á Hellisheiði.


hávaðarok og varla stætt uppi á Hellisheiði og ekkert hægt að hæla og rörafestingarnar voru alls ekki nægjanlega traustar í þessu mikla roki. 80 m dípóllinn fór ekki upp því festingin var ekki nægjanlega traust og önnur net voru ekki höfð hærri en rétt í þaki bílsins. Allt virkaði svo sem ágætlega enda færið stutt til flestra en ég hugsaði sem svo að þetta yrði að einfalda.

Vandamálið við loftnetsstangir í vindi eins og er svo algengur hér á landi er að það er ekki nægjanlegt að halda einungis við botninn á þeim. Plankarnir mínir, þótt miklir væru, gáfu alls ekki nægan stuðning fyrir háa stöng, og í vindi var einungis hægt að setja stangirnar í 2-3 m hæð. En ef stangirnar væru nægjanlega traustlega settar upp þá mætti e.t.v. komast af með einungis 2 stangir, önnur sem „vertikall“ fyrir HF-böndin og hin til að halda uppi loftnetum fyrir hærri böndin, 6 m og upp úr. Hvernig væri að breyta reiðhjólafestingu í loftnetsfestingu og setja á dráttarkúlu? Svo, það var gert. Spilbiti var settur undir bílinn að framan, og löng slá með dráttarkúlu í spilbitann að aftan því það þurfti að vera hægt að opna afturdyrnar. Loftnetsstangirnar voru 2 m útdraganlegar og komust



*Vertical“ fyrir HF böndin, settur á framlengingu aftan úr bílnum. Sjá má 12V 7Ah rafhlöðuna fyrir „tjúnerinn“ sem er á stönginni. Slík rafhláða dugði allan tímann án hleðslu.*

inn í bílinn. Þetta var tilbúið í tæka tíð fyrir páska-leikana 2023. Þetta lofaði góðu, og nú þurfti engin stög, og stangirnar gátu auðveldlega verið 8 m háar og




*6m stöng sett framan á bílinn, hér með tilbúnum festingum fyrir lofnet, og svo má fella stöngina saman með öllum festingum og setja inn í bílinn.*

það var mjög fljótlegt að setja upp mörg net. Þetta var fyrst prófað heima við hús og síðan endurbætt.

Eitt vandamál við svo stuttan „vertical“ sem 8m háan er að á 160 m bandinu á „autótjúner“ erfitt með að ná SWR niður. Þetta kom upp í undirbúningi í fyrir Útileikana um verslunarmannahelgina sem eru einungis á HF böndunum, 160 m, 80 m, 60 m og 40 m. Auðvitað hefði mátt hækka stöngina eitthvað en þá getur vindur orðið vandamál. Því var brugðið á það ráð að setja spólu fyrir ofan „autótjúnerinn“ og setja spóluna handvirkt inn í rásina þegar 160 m voru notaðir, það var gert með því að færa til í tengi. Hvaða spóla sem er gagnast ágætlega og það má þessa vegna vefja slíka spólu á glerflösku. Þetta reyndist ágætlega.



*Páskaleikar vorið 2023. QTH er uppi á gamla Kerlingarskarðs-veginum. Það hafði fölað um nóttina.*



*Páskaleikar vorið 2023. Hér er verið að taka saman, búið er að fella framstöngina og næst er að taka lofnetin af sem og kóaxkaplana og allt var það fljótlegt. Það hafði hlýnað litillega og fölin sem var snemma um morguninn var horfin.*



*Spóla var spennt á stöngina fyrir ofan „autótjúnerinn“. Plastpokinn er til varnar rigningu.*

Hvað næst? Það er nú það. E.t.v. er þetta eins gott og það getur orðið og e.t.v. ekki. Sjáum til.

73,

*Andrés Þórarinnsson, TF1AM*



## NRAU fundur 7. september 2024

*Kristján Benediktsson, TF3KB — IARU tengiliður ÍRA*

Efnt var til norræns fjarfundur hinn 7. sept. sl. í Sambandi norrænna radióamatöra, NRAU, Nordisk Amatör Radio Union (<https://nrau.net/>). Um þessar mundir fara Finnar með formennsku.

NRAU fundir eru haldnir þegar sérstök tilefni eru til, t.d. ef ræða þarf sérstök málefni SAC keppinnar, o.fl. þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti, til undirbúnings fyrir hverja Svæðis 1 ráðstefnu. Að undanförunu hafa fundirnir þó verið haldnir oft en það, eða u.þ.b. hvert ár.

### 1. Fundur settur

Markku, OH2BQZ, IARU/NRAU tengiliður finnska félagsins setti fundinn kl. 08:00 að morgni (UTC) og bauð þátttakendur velkomna fyrir hönd finnska félagsins SRAL, Suomen Radioamatööriliitto ry.

### 2. Kynning þátttakenda

Stutt kynning á þátttakendum var fyrsta málefnið á dagskrá. Að þessu sinni voru fundarmenn eftirfarandi:

**EDR:** Arne (OZ4VW), Verner (OZ5TG)

**ÍRA:** Kristján (TF3KB)

**NRRL:** Thomas (LA3PNA), Ole (LA2RR), Magne (LA1KKA), Bjørn (LB7ZG), Stefan (LA0BY), Frode (LA6VQ)

**SSA:** Jens (SM0HEV), Mats (SM6EAN), Ingo (SM5AJV), Thomas (SM0KBD)

**SRAL:** Henri (OH3JR), Mikael (OH3BHX), Markku (OH2BQZ), Jussi (OH5LK).

### 3. Kynning landsfélaga


Næst var kynning á því, sem efst er á baugi í hverju landi. Hér verður aðeins stiklað á stóru:

#### **EDR:**

- Viðmótið á vefsíðu félagsins var „sjálfs-afgreiðsluvætt“, þar á meðal skráning, heimilisföng, félagsgjald, QSL þjónusta og fleira þess háttar.
- Tæplega 1300 félagar eru í EDR og fer fækkandi, sem er einnig vegna uppstokkunar nýja kerfisins t.d. vegna félaga, sem héldu áfram að borga eftir andlátíð.
- Friður ríkir í félaginu.

- Enn er vandamál að afla nýrra félaga, einkum yngri félaga.
- En framtíðin kemur ekki af sjálfu sér. Höfum tekið þátt í framtíðarmótun, bæði í EDR og lókal klúbbum.
- Námskeið og auglýsingar eru í samvinnu við tækniháskóla.
- Um 130 nýir leyfishafar bætast við á ári.

**Fremtiden kommer ikke af sig selv!**  
#ShapingTheFuture #BePartOfTheFuture



#### **NRRL:**

- Tveir fastir starfsmenn eru á skrifstofu.
- Félagatalan hefur farið jafnt og þétt vaxandi undanfarin 4-5 ár.
- Unnið er að vexti og menntun radióamatöra, samvinnu innávið, svo sem endurskipulagningu og útávið við marga aðila eins og stjórnvöld o.fl.
- Unnið er að yfirfærslu ábyrgðar á prófum og útgáfu kallmerkja frá hinu opinbera til félagsins.
- Einnig er unnið að undirbúningi nýs nýliðaleyfis.
- Samskipti við stjórnmalamenn og ráðherra um nauðsyn betri löggjafar sem heimili radióamatörum uppsetningu loftneta, sem nú búa við ýmsa annmarka.
- Gott samband er við stjórnvöld, hjálparsvéitir, t.d. Rauða Krossinn, með umtalsverðum fjárstuðningi gegnum virka aðild að samstarfsvettvangi á sviði björgunar og fjarskipta (FORF, [https://no.wikipedia.org/wiki/Frivillige\\_Organisasjoners\\_Redningsfaglige\\_Forum](https://no.wikipedia.org/wiki/Frivillige_Organisasjoners_Redningsfaglige_Forum)).

#### **SSA:**

- Félagatalan hefur dalað lítillega, nýir leyfishafar eru um 70 ári og miðgildisaldur er 46 ár.
- Helstu verkefni sem félagið hefur unnið að eru:







grein fyrir stöðunni hvað varðar WRC-27, næstu tíðnimálaráðstefnu ITU.

- Ekki eru við fyrstu sýn dagskrárliðir á WRC-27, sem varða tíðnir radióamatöra beint.
- Við nánari athugun eru þó ýmis mál, sem gæti verið ástæða fyrir okkur að fylgjast með og skoða.
- Meðal þeirra eru:
  - ✓ Verndun 248-250 GHz tíðnisviðsins, þar sem við erum nú í forgangsflokki 1.
  - ✓ Verndun 241-248 GHz tíðnisviðsins, þar sem við erum nú í forgangsflokki 2.
  - ✓ Vinna að nýrri úthlutun í 275-325 GHz sviðinu.
  - ✓ Í samræmi við samþykkt 253 (WRC-23) eru til skoðunar mögulegar nýjar úthlutanir fyrir sambönd gervihnatta og jarðbundins farsímakerfis. Skoðunin nær til tíðnisviðsins 694/698 MHz til 2,7 GHz, og gæti hugsanlega haft áhrif á allmargar tíðnir á því sviði, þar sem við erum í forgangsflokki 2.
  - ✓ Til skoðunar eru tíðnisvið þétt fyrir ofan og neðan okkar núverandi 10 metra band. Fylgjast þarf með að sú athugun skerði ekki okkar band.
  - ✓ Til viðbótar við WRC tíðnimálin, fylgist IARU vel með vinnu að því að lágmarka truflanir á radiótíðnisviðinu, sem gætu verið í farvatninu, sé ekki verið vel á verði. Einkum hvað varðar WPT, þráðlausar hleðslustöðvar fyrir bíla.
  - ✓ IARU og IARU Svæði 1 taka þátt í starfi á þessum vettvangi í ýmsum nefndum og ráðum, þar á meðal innan CEPT, ITU og CISPR.

## 6. NAC keppnin

Ákvarðanir voru teknar um nokkur álitamál, sem skiptar skoðanir hafa verið um, svo sem

- Haldið verður áfram með sameinaða keppni á þriðjudegi, með hliðrænum og stafrænum sendiháttum. Stofnun sérstakrar stafrænnar keppni á miðvikudegi, eins og sumir vildu, þótti dreifa þátttakendum um of.
- 23 cm og örbylgju NAC keppnir verða áfram aðskildar, því tækjabúnaður er mjög ólíkur.
- Rædd var tíðninotkun 13 cm NAC, hvort nota ætti 2400 eða 2320 MHz eða báðar tíðnir. SRAL (Juho, OH6ZZ) boðar til fundar VHF keppnisstjóra um málið í september, hvað varðar reglur fyrir næsta ár.
- Hvort nota eigi 4 eða 6 stafa reiti, einkum í stafrænum sendiháttum verður skoðað á fundi VHF keppnisstjóra.

- Þótt 10m séu HF, hefur þátttakan þar verið á borði VHF keppnisstjóra, vegna takmarkaðs áhuga HF keppnisstjóra á því.

## 7. SAC keppnin (<https://www.sactest.net/blog/>)

- Endurnýjuð stjórn SAC keppnisnefndarinnar er:



Ingemar „Ingo“ SM5AJV (SE5E í keppnum) teymisleiðtogi (Team leader), Timo, OH1NOA og Frode, LA6VQ. Enn vantar fulltrúa Dana í nefndina, og mun EDR vinna í því. Hinsvegar vinnur fyrrverandi nefndarfulltrúi Dana, Henning, OZ2I enn með nefndinni.

- Rætt var um tillögu nefndarinnar um keppnisflokka og viðurkenningaskildi, ásamt kostnaðaráætlun, sem landsfélögin þurfa að samþykka. Ingo kynnti áform um glæsilega álplötu- viðurkenningaskildi fyrir næsta ár (2025). Samþykkt að vinna eftir þeim línunum, með áætlaðan hámarkskostnað upp á €1500, sem skiptist milli félaga.
- Kannað var hvort menn vildu breyta fyrri ákvörðun varðandi þátttöku Rússa og Hvítrússa. Ákveðin var óbreytt afstaða.

## 8. Almenn NRAU málefni

- Rætt var um skipti norrænu félaganna á amatørblöðum, og hvort unnt væri að gera þau skilvirkari og skjóttari en nú er. Björn (LB7ZG) tekur að sér að leita leiða til úrbóta og hafa samband við hlutaðeigandi.
- Vefsíða NRAU (<https://nrau.net/>) þarf virkari endurnýjun efnis. Það landsfélag sem fer með formennsku í NRAU hverju sinni á að sjá um að senda vefstjóra uppfært efni til birtingar.
- Næsti NRAU fundur verður haldinn í mars 2025, þar sem sérstaklega verða til umfjöllunar mál sem verða á dagskrá Svæðis 1 millifundar í apríl n.k.

73 Kristján TF3KB



## Skrölmótuð skilaboð (SMS)

*Kristján Benediktsson, TF3KB*

Þörfin að senda skilaboð langar leiðir hefur fylgt mannkyni frá öröfi alda.

Þegar völdugir konungar hófu að skattleggja þegnana þurftu þeir að senda skipanir og skilaboð út um allt, til að halda völdum og ríki sínu saman.

Fyrst með sendiboðum flengriðandi hestum út um allar koppagrundir. Síðar, þegar sendiboðarnir gátu ekki mun að öll skilaboðin lengur, var farið að skrifa þau niður. Snemma fleygletruðu Súmerar leirtöflur með reyr.

### 1. Ritmál

Fyrst voru teiknaðar myndir af því sem um ræddi, sem síðan þróaðist yfir í myndmál, hieróglýfur og þaðan yfir í táknmál og síðan tákn fyrir hljóð í töluðu máli. Ritmálið og stafrófið eins og við þekkjum það varð þannig smám saman til eftir langa þróun. Fyrir utan söguritun og ritlist sem slíka, sem af þessu spratt, einnig notað í sínum upphaflega boðskiptatilgangi, að flytja skrifuð skilaboð milli staða.

### 2. Rafmál

Fyrst þegar rafmagnið kemur til sögunnar, opnast möguleikinn að senda skilaboð langt út fyrir sjóndeildarhringinn án þess að flytja skrifuð skilaboð milli staða.

Þá hefst að sumu leyti sambærileg leit og í upphafi ritmáls, þar sem margir komu við sögu, að því hvernig best væri að forma og „kóða“ upplýsingarnar sem senda ætti eftir flutningsmiðlinum.

Athygli vert, sem dæmi þar um, að sjálfur Samuel F. B. Morse sá fyrir sér doðrant af númeruðum skilaboðum, sem fletta mætti upp í til að sjá skilaboðin. Alfred Vail, samstarfsmaður hans hafði betri hugmynd, að spegla stafróf ritlistarinnar í táknum byggðum upp af stuttum og löngum rafpúlsum.

Það sem eftir varð af doðrantinum er kannski Q-kóðinn og skammstafanirnar.

### 3. Mors

Mors var fyrst sent eftir þræði og móttaka mekanísk með rafliðum og skrifuð á pappírsmæmi og lesið eftir á. Fljótlega kom þó í ljós, að menn gátu lært að skilja morsið eftir klikkinu í rafliðunum.

Mors sem stutt og löng hljóðmerki, eins og við þekkjum það í dag, varð til þegar farið var að senda það þráðlaust gegnum radió.

### 4. Stafrænt streymi

Með nokkurri einföldun má segja að stafrænt streymi í dag sé ekkert annað en háhraða mors.

Streymið byggir á hugmyndum sem morsið lagði grundvöll að í upphafi, svo sem þjöppun upplýsinga, með því að hafa algenga stafi styttri og sjaldgæfa langa o.s.frv.

Morsið hefur þó enn þá yfirburði, að vera eina stafræna streymið sem mannseyrað getur fyllilega meðtekið og mannsheilinn skilið. Annað streymi hljómar í eyrum eins og „skrölt.“

### 5. Skrólmótuð skilaboð (SMS)

Nú er komin enn ein ný aðferð til að senda texta yfir talstöðvar. Áþekk APRS, en að þessu sinni gegnum snjallsíma. Textinn er ritaður í sérstakt app sendisímans, sem sendir frá sér „skrölt,“ sem hljóðnemi sendisins nemur og sendir áfram. Hinum megin tekur sama app á móti hljóði frá viðtækinu, afkóðar merkið og birtir á skjá. Allt byggt á hljóð í hljóð án þess að nota snúrur.

Tæknin er í þróun og verður hér látið nægja að nefna „Ribbit“ hópinn, sem leiddur er af Pierre Deliou, W4CKX (fv. F4CKX) og með honum Ahmed Inan og Jason McKee, KE0CCI. Þeir vinna verkefnið í opnum hugbúnaði innan ORI, Open Research Institute.

Pierre segir aðalhvattann að þessu verkefni, hvað sig varðar, að þróa þetta til notkunar í neyðarfjarskiptum á HF og VHF+, t.d. á svæðum, þar sem símar virka ekki, eða hið opinbera kerfi virkar ekki. Sjá meira hér:

<https://www.ribbitradio.org/#/>


Fyrsti áfanginn verkefnisins er appið „Rattlegram,“ sem hefur skröltorm með loftnet fyrir lógó.

Rattlegram er fyrirrennari Ribbit appsins, sem er enn í þróun og kemur síðar.

Notuð er COFDMTV mótun, sem stendur fyrir „Coded Orthogonal Frequency Division Multiplexing Television,“ sem sérstaklega er þróað fyrir stafrænar útvarps- og sjónvarpsendingar DVB-T og -T2 til að þola betur fjölleiðaútbreiðslu í lofti (multipath) heldur en hið upphaflega OFDM, „Orthogonal Frequency Division Multiplex,“ sem flestir stafrænir sendihættir nota nú til dags, svo sem 4G, 5G og Wi-Fi.

Ágæt lýsing á OFDM og fleiru er hér:

<https://youtu.be/ubPP48ojJ3E>





## Tímarit í fundarsal í Skeljanesi

Jónas Bjarnason, TF3JB

Eftir töluverða vinnu í salnum undanfarin ár hefur nánast eingöngu þurft að uppfæra möppur í tímaritahillum á yfirstandandi starfsári, 2024/25. Félaginu berast tímarit frá alls 12 landsfélögum radióamatöra. Þar af eru átta á pappír: Frá ARRL, RSGB, DARC, REF, ARI, USKA, ÖVSV og JARL, auk CQ TF og fjórum rafrænt: Frá SSA, NRRL, EDR og SRAL.

Fimm árgangar (2020–2024) eru aðgengilegir í salnum í Skeljanesi á prentuðu formi af þessum tímaritum: QST, RadCom, CQ DL, Radio REF og JARL News. Norrænu tímaritin koma í dag út á rafrænu formi. Hjá okkur, líkt og systurfélögunum á Norður-

löndum, var CQ TF síðast prentað til dreifingar á pappír í apríl 2012, en hefur verið prentað í takmörkuðu upplagi frá árinu 2018. Viðbót við tímarit sem eru á boðstólum í félagsaðstöðunni í Skeljanesi á starfsárinu 2024/25 er QSP Amateurfunkjournal, sem er félagsblað landsfélags radióamatöra í Austurríki, ÖVSV. Blaðið kemur út 11 sinnum á ári. Framangreint lesefni stendur félagsmönnum til boða öll fimmtudagskvöld, en rafrænn aðgangur að Norrænu blöðunum er í boði í borðtölvu í fjarskiptaherbergi á 2. hæð.

Í töflunni er yfirlit yfir tímarit landsfélaga radióamatöra sem berast reglulega til félagsins.

TÍMARIT	Útgefandi	MÁL	Útgáfutíðni	Rafræn
QST	ARRL; American Radio Relay League	Enska	1 x í mánuði	–
RadCom	RSGB; Radio Society of Great Britain	Enska	1 x í mánuði	–
CQ DL	DARC; Deutscher Amateur-Radio-Club e.V.	Þýska	1 x í mánuði	–
QSP	ÖVSV; Österreichischer Versuchssenderverband	Þýska	1 x í mánuði	–
Radio REF	REF; Reseau des Emetteurs Francais	Franska	1 x í mánuði	–
HBradio	USKA; Union Schweizerischer Kurzwellen Amateure	Þý/fr/ít.	6 x á ári	–
Radio Rivista	ARI; Associazione Radioamatori Italiani	Ítalska	1 x í mánuði	–
JARL News	JARL; Japan Amateur Radio League	Japanska	4 x á ári	–
QTC	SSA; Föreningen Sveriges Sändareamatörer	Sænska	1 x í mánuði	Frá 2016
Amatör Radio	NRRL; Norsk Radio Relæ Liga	Norska	6 x á ári	Frá 2018
OZ	EDR; Experimenterende Danske Radioamatörer	Danska	6 x á ári	Frá 2013
Radioamatööri	SRAL; Suomen Radioamatooriliitto	Finnska	1 x í mánuði	Frá 2013
CQ TF	ÍRA; Íslenskir radióamatörar	Íslenska	4 x á ári	Frá 2012



Stærstu landsfélög radióamatöra í Evrópu gefa mánaðarlega út vegleg tímarit. DARC í Þýskalandi gefur út CQ DL, RSGB á Bretlandseyjum gefur út RadCom, REF í Frakklandi gefur út Radio REF og ARRL í Bandaríkjunum gefur út QST. Þessi tímarit liggja m.a. frammi í Skeljanesi á fimmtudagskvöldum.



## Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2024/25

### Fundargerð stjórnarfundar nr. 2 haldinn fimmtudag 2. maí 2024 kl. 18:00 í Skeljanesi.

Mættir: TF3JB formaður; TF1AM varaformaður; TF3GZ ritari; TF3PW gjaldkeri; TF3NH meðstjórnandi; TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn.

#### 1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.

Formaður, TF3JB bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:00 og lagði fram tillögu að dagskrá, sem var samþykkt samhljóða.

#### 2. Fundargerð stjórnarskiptafundar frá 4. apríl lögð fram.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

#### 3. Fundargerð 1. fundar stjórnar ÍRA 2024/25 frá 4. apríl lögð fram.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

#### 4. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

Formaður, TF3JB fór yfir helstu innkomin og útsend erindi á milli stjórnarfunda. Engar athugasemdir voru gerðar.

#### 5. Skýrsla gjaldkera um innheimtu félagsgjalda og stöðu félagssjóds.

Gjaldkeri, TF3PW skýrði frá stöðu félagssjóds sem var 1.241.775 krónur. Engir útstandandi reikningar bíða. Innheimta félagsgjalda verður send út fljótlega, en rugl með kennitölur tveggja félagsmanna seinkaði útsendingu innheimtunnar.

#### 6. Tillaga að starfsáætlun stjórnar starfsárið 2024/25 lögð fram.

Formaður, TF3JB lagði fram og kynnti tillögu að starfsáætlun stjórnar ÍRA fyrir nýhafið starfsár, 2024/25. Handritið var lesið upp og farið yfir númeraða liði. TF1AM, varaformaður og TF3UA, varastjórn gerðu tillögur um bætt orðalag. Að því búnu var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

#### 7. Félagsritið CQ TF 2. tbl. 2024 kom út 28. apríl s.l.

Formaður, TF3JB fór yfir útgáfuférl 2. tölublaðs ásamt ritstjóra CQ TF, TF3UA. Fram kom, að mikil ánægja er með blaðið hjá félagsmönnum, einnig að 15 félagar eiga efni í blaðinu og að þetta var 25. tölublaðið sem Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS setur upp og þakkar stjórn ÍRA Vilhjálmum frábæra vinnu við uppsetningu. Sérstakar voru jafnframt samþykktar til Andrésar Þórarinssonar, TF1AM fyrir glæsilega forsiðumynd.

Útgáfuférl 2. tbl. CQ TF 2024:

- 19. mars: Fyrri fundur ritnefndar um útgáfuna.
- 4. apríl: Ritstjóri, TF3UA kallar eftir efni í nýtt tölublað á heimasíðu og FB síðum.
- 10. apríl: Erindið endurtekið með innsetningu á heimasíðu og FB síðum.
- 22. apríl: Síðari fundur ritnefndar.

- 28. apríl: 2. tbl. CQ TF 2024, 48 bls. að stærð kom út á heimasíðu ÍRA og FB síðum.
- 13. maí: Handrit að 2. tbl. sent í prentun hjá Háskólaprenti.
- 17. maí: Prentuð eintök sótt til Háskólaprents.
- 20. maí: Prentuð eintök pósthöfð til Fjarskiptastofu, ráðuneytis, heiðursfélaga o.fl.
- 23. maí: Prentuð eintök lögð fram til flettingar og lestrar í félagsaðstöðu í Skeljanesi.
- 31. maí: Stafræn útgáfa blaðsins send á systurfélög ÍRA á Norðurlöndunum.

#### 8. Kallmerkið TF3WARD var starfrækt á alþjóðadag radióamatöra 18. apríl.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi á alþjóðadag radióamatöra, 18. apríl. Kallmerkið TF3WARD var sett í loftið í hádeginu kl. 12:20. Skilyrði voru góð og var stöðin QRV meira og minna allan daginn til kl. 22 um kvöldið.

Alls voru höfð 1.177 sambönd – um allan heim á 14 MHz, SSB þ.á.m. við 11 TF kallmerki. Þetta var í 5. skiptið sem kallmerkið TF3WARD var virkjað, en kallmerkinu var útlutað til félagsins árið 2020 og var það fyrsta árið sem það var sett í loftið. Þrjú félagar virkjuðu stöðina: Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY; Sigurður R. Jakobsson, TF3CW og Jónas Bjarnason, TF3JB.

Opið hús var síðan frá kl. 20 um kvöldið þar sem í boði var hin vinsæla rjómaterterta sem er kennd við Hressingarskálann í Reykjavík, svokölluð „Skálaterta“ frá Reyni bakara – sem ÍRA var gefin í tilefni alþjóðadagsins. Sérstakar þakkir til NN fyrir velvild í þágu félagsins.

#### 9. Fjarskiptaleikar ÍRA (Páskaleikar) 3.-5. maí.

Formaður, TF3JB fór yfir verklag leikanna. Hann óskaði eftir liðsinni stjórnarmanna við að virkja félagsstöðina í leikunum, þótt ekki væri nema hluta úr degi þar sem hann verður sjálfur upptekin við búferlaflutninga þessa helgi.

#### 10. Kallmerkið TF3W verður starfrækt í CQ WW WPX CW keppninni 25.-26. maí.

Félagsstöðin, TF3W verður virkjuð í CQ World Wide WPX CW keppninni helgina 25.-26. Maí. Keppt verður í M/2 (Multi-Two) flokki, sem þýðir að tveir sendar verða virkjaðir samtímis. Þátttakendur verða átta talsins:

- Sigurður R. Jakobsson, TF3CW.
- Alex M. Senchurov, TF/UT4EK.
- Yngvi Harðarson, TF3Y.
- Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA.
- Kristinn Andersen, TF3KX.
- Óskar Sverrisson, TF3DC.
- Egill Ibsen, TF3EO.
- Guðmundur Sveinsson, TF3SG.

Benedikt Sveinsson, TF3T veitir tæknilega aðstoð við undirbúning og lánar búnað, auk þeirra Guðmundar Sveinssonar, TF3SG sem lánar Yaesu FTdx10 HF stöð og ¼ λ færanlegt stangarloftnet fyrir 80 metrana, Jónasar Bjarna-

sonar, TF3JB sem lánar Amp Supply LK500-ZC 1 kW RF magnara og Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CW sem lánar 18 metra háa glertrefjastöng frá Spiderbeam fyrir Delta loftnet sem verður reist á 40 metrunum.

Sérstakar þakkir til Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CW fyrir að hvetja til verkefnisins og fyrir alla vinnu við undirbúning og faglegt utanumhald. Stjórn félagsins óskar Sigurði og hópnnum góðs gengis með þökkum til allra sem koma að undirbúningi þessa verkefnis.

### 11. Skipan 3 manna nefndar sem annist streymis- og upptökumál fá viðburðum í Skeljanesi.

Stjórnarmenn eru sammála um að taka upp fundi í félagsaðstöðunni til birtingar á netinu og setja síðan á netið til geymslu – sem er það fyrirkomulag sem er sennilega heppi-legasta formið. Varaformaður, TF1AM tekur að sér að finna félagi á sérstaka 3 manna nefnd sem mundi annast verkefnið.

### 12. Hugmynd TF2LL um samstarf ÍRA við [radió]skáta. Framhaldsumfjöllun.

Varaformaður, TF1AM ræddi um hugmynd TF2LL. Andrés sagði að radióskátar væri litill hópur í dag og ekki mjög virkur. Unglingastarf væri þar samt fyrir hendi og kannski gæti slæðst inn einn og einn til okkar félags. Miðað við óbreytt ástand sé þess ekki að vænta að um sérstakt samstarf geti verið að ræða.

### 13. Búnaður í fjarskiptaherbergi ÍRA – aðgengilegur fyrir félagsmenn til notkunar yfir netið?

Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID hefur tekið að sér að uppfæra jarðbindingar í fjarskiptaherbergi félagsins. TF1AM, varaformaður ætlar að útbúa teikningu af því sem þarf að gera og verður ákveðið seinna með framhaldið. Menn telja líklegt að best kunni að vera að setja upp sérstaka rafmangstöflu (greinatöflu) í fjarskiptaherberginu.

TF3NH, meðstjórnandi nefndi hugmynd sína um netskipti sem væri 100 „Megabit“ og megi koma fyrir í fjarskiptaherberginu. Hann ætlar að ræða við Benedikt Sveinsson, TF3T um málið, en Benedikt er okkur til ráðuneytis, m.a. í þessum efnunum.

Samþykkt tillaga gjaldkera, TF3PW þess efnis, að listuð verði upp „module“ uppbygging búnaðar sem þarf að kaupa og sem notist við utanaðkomandi aðgengi félagsmanna að stöðvum og búnaði félagsins í fjarskiptaherberginu.

### 14. Önnur mál.

a. Stuðningur við rekstur KiwiSDR viðtækis á Sauðárkróki (sem var tengt 5. febrúar).

Samþykkt að félagsjóður kaupir KiwiSDR viðtæki til þess að setja upp í félagsaðstöðinni í Skeljanesi. Ennfremur samþykkt að styrkja aðeins tvö KiwiSDR viðtæki yfir netið, þ.e. viðtækin í Örlygshöfn og á Vogastapa. KiwiSDR viðtækið á Sauðárkróki verður því að öllum líkindum af-tengt, nema til komi önnur fjármögun rekstrarkostnaðar.

b. Vinna í fjarskiptaherbergi; tenging á aflgjöfum; TF3GZ (10. apríl).

Stjórn ÍRA þakkar Georg Kulp, TF3GZ fyrir að hafa frumkvæði að því að laga frágang á straumleiðslum frá IC-7610 og IC-7300 stöðvum félagsins þar sem þær tengjast í Diamond GSV3000 aflgjafana. Verkefni sem var búið að biða lengi.

c. Nýjar merkingar við inngang í Skeljanesi; TF3JB (11. apríl).

Stjórn ÍRA þakkar Jónasi Bjarnasyni, TF3JB fyrir að hanna, prenta út og koma fyrir nýjum merkingum með upplýsingum um ÍRA, opnunartíma o.þ.h. við inngang í húsið í Skeljanesi.

d. Rimlastólar í eigu félagsins lagfærðir; TF3GZ (11. apríl).

Stjórn ÍRA þakkar Georg Kulp, TF3GZ fyrir að gera við rimlastóla félagsins í sal í Skeljanesi.

e. Flutningur og flokkun á tímaritaeign félagsins í fundarsal; TF3JB (11. apríl).

Stjórn ÍRA þakkar Jónasi Bjarnasyni fyrir að flokka, endurmerkja og raða skipulega upp tímaritaeign félagsins í bókahillur félagsins í salnum í Skeljanesi.

f. Tiltekt í fundarsal í Skeljanesi; bókaskápar m.a. fluttir; TF3JB og TF3GZ (12. apríl).

Stjórn ÍRA þakkar þeim Jónasi Bjarnasyni, TF3JB og Georg Kulp, TF3GZ fyrir góða tiltekt í fundarsal, þ.á.m. flutning bóka og bókaskápa/hillna til að rýma fyrir nýju leðursófasetti.

g. Leðursófasett gefið félaginu; gefandi: NN (14. apríl).

Stjórn ÍRA þakkar NN fyrir gjöf á brúnu leðursófasetti sem hefur verið komið fyrir salnum.

h. Orgel flutt og leðursófasett flutt í salinn í Skeljanesi; TF3JB, TF3GZ, TF3CW (16. apríl).

Stjórn ÍRA þakkar þeim Jónasi Bjarnasyni, TF3JB, Georg Kulp, TF3GZ og Sigurðir R. Jakobssyni, TF3CW fyrir vinnu við að flytja og koma fyrir leðursófasetti í suðurhluta salarins, eftir að þeir höfðu flutt orgelið frá Ólafsfirði niður á gang á jarðhæð til bráðabirgðageymslu.

i. Gjöf til ÍRA í tilefni alþjóðadags radióamatöra; svokölluð „Skálaterta“. Gefandi: NN.

Stjórn ÍRA þakkar NN fyrir rausnarlega gjöf á 24 manna rjómateru (sem er svokölluð „Skálaterta“) frá Reyni Bakara á alþjóðadag radióamatöra, 18. apríl.

j. Radiódót frá TF3FG (18. apríl).

Stjórn ÍRA þakkar Hans Konrad Kristjánssyni, TF3FG fyrir radiódót sem hann gaf félaginu 18. apríl.

### 15. Næsti fundur stjórnar.

Næsti fundur stjórnar var ákveðinn fimmtudaginn 22. ágúst nk. kl: 18:00 í Skeljanesi.

### 15. Fundarslit

Formaður, TF3JB þakkaði mönnum góðar umræður og sleit fundi kl. 19:40

Fundargerð ritaði  
Georg Kulp / TF3GZ  
ritari ÍRA

## SYLRA 2025 að Úlfljótsvatni

Opnað hefir verið fyrir skráningu á viðburð SYLRA næsta sumar, en eins og áður hefir komið fram á þessum vettvangi er fyrirhuguð alþjóðleg YL radiósamkoma þar í lok maí 2025.

Allar nánari upplýsingar og skráning er á vefsíðu SYLRA: [www.sylra.is](http://www.sylra.is).

73 Anna TF3VB og Vala Dröfn TF3VD



## Viðurkenningar radióamatöra

Brynjólfur Jónsson TF5B, viðurkenningastjóri ÍRA

Íslenskir radióamatörar sem eru virkir í DX eiga yfirleitt drjúgt af samböndum við leyfishafa í Póllandi. Bæði er, að radióamatörar eru fjölmennir þar og virkir á böndunum, auk þess sem fjarskipti til þessa hluta Evrópu eru tiltölulega auðveld frá Íslandi.

Að þessu sinni er mér ánægja að kynna „Dyplom Award Polska“ sem er glæsilegt viðurkenningarskjal frá PZK, „Polski Związek Krótkofalowców“ landsfélagi radióamatöra í Póllandi.

Sambönd gilda frá 1. janúar 1999 og er markmiðið að hafa sambönd við stöðvar sem eru staðsettar í öllum 16 stjórnsýsluheruðum landsins (p. *Voivod-ships*). Alls eru 15 mismunandi viðurkenningar í boði:

„MIXED“, sambönd við stöðvar í öllum 16 héruðum Póllands, burtséð frá bandi og teg. útgeislunar. „PHONE, CW“ og „DIGI“ burtséð frá bandi. og svo fyrir 160, 80, 40, 30, 20, 17, 15, 12, 10, 6 og 2 metra burtséð frá tegund útgeislunar.

Gjaldið er € 6 fyrir hverja viðurkenningu, auk þess sem við bætist € 1 gjald fyrir hvern staðfestingarmiða (e. *sticker*).

4 mismunandi flokkar eru í boði:

<b>Basic Class</b>	A.m.k. 1 samb. við stöðvar í hverju héraði
<b>3. flokkur - Brons</b>	A.m.k. 3 samb. við stöðvar í hverju héraði
<b>2. flokkur - Silfur</b>	A.m.k. 7 samb. við stöðvar í hverju héraði
<b>1. flokkur - Gull</b>	A.m.k. 12 samb. við stöðvar í hverju héraði

- Viðurkenningar eru ekki gefnar út í tengdum flokkum (e. *joint categories*), t.d. PHONE-40 m, 15 m-MIXED, 80 m-CW o.s.frv.
- „Krossband“ sambönd, þ.e. sambönd á mismunandi böndum og teg. útgeislunar o.þ.h. gilda ekki. Það sama á við sambönd um endurvarpsstöðvar hvort heldur eru á landi eða í geimnum.
- Erlendir leyfishafar geta sent inn sambönd sem náðst hafa í SP-DX og/eða SP-DX RTTY keppnunum, enda hafi keppnisdagbók verið send til keppnisstjóra. Í slíkum tilvikum þurfa ekki að liggja fyrir staðfestingar. Erlendir leyfishafar þurfa þó einnig að senda útfyllt umsóknareyðublað með lista yfir slík sambönd (ef einhver eru).
- Flokka ber kallmerki eftir auðkennisstaf stjórnsýsluheraðs og síðan eftir héruðum, eftir böndum. Nota skal umsóknareyðublöð PZK sem má sækja á þessari vefslóð: <https://tinyurl.com/polski>

Staðfestingar á samböndum eru teknar gildar á pappír og rafrænar (t.d. LoTW, eQSL o.s.fv.). Notast er við GCR lista (e. *General Certification*



Rules) þar sem tveir leyfishafar staðfesta að viðkomandi samband hafi verið staðfest. Upplýsingar um GCR-lista: <http://www.ka5wss.com/posts/gcr-general-certification-rules/>

Með ósk um gott gengi!  
73 de TF5B

Kallsvæði, auðkenni og stjórnsýsluheruð.

1	Z	Zachodnio-pomorskie (Z)
2	F og P	Pomorskie (F) og Kujawsko-pomorskie (P)
3	B og W	Lubuskie (B) og Wielkopolskie (W)
4	J og O	Warmińsko-mazurskie (J) og Podlaskie (O)
5	R	Mazowieckie (R)
6	D og U	Dolnoslaskie (D) og Opolskie (U)
7	C og S	Dolnoslaskie (D) og Opolskie (U)
8	K og L	Podkarpackie (K) og Lubelskie (L)
9	G og M	Slaskie (G) og Malopolskie (M)





## Helstu DX keppnir í okt. – des. 2024 og jan. 2025

Í eftirfarandi töflu hafa verið teknar saman upplýsingar um helstu alþjóðlegar DX keppnir á tímabilinu október, nóvember, desember 2024 og janúar 2025. Hafa þarf í huga að ýmsir minni viðburðir fara fram nánast um hverja helgi sem ekki eru taldir til hér.

Eftirfarandi vefsíða birtir nánari upplýsingar, auk þess að sýna vefslóð inn á heimasíðu hvernar keppni á netinu þar sem er að finna tæmandi upplýsingar.

Vefslóð: <https://www.contestcalendar.com/weeklycont.php>

Dagsetning	Tími	Heiti keppni	Mótun	Bönd	Skilaboð (TF)
<b>OKTÓBER 2024</b>					
5.-6. okt.	06:00-06:00	Oceania DX Contest, Phone	SSB	160-10 m	RS + raðnúmer
5.-6. okt.	06:00-18:00	TRC DX Contest	SSB	160-10 m	RS(T)+raðnúmer
12.-13. okt.	03:00-21:00	Oceania DX Contest, CW	CW	160 m	160-10 m RST + raðnúmer
12.-13. okt.	12:00-12:00	Scandinavian Activity Contest, SSB	SSB	80-10 m	RS + raðnúmer
19.-20. okt.	00:00-24:00	JARTS RTTY Contest	RTTY	80-10 m	RST+aldur þátttakanda
19.-20. okt.	15:00-14:59	Worked All Germany	CW/SSB	80-10 m	RS(T) + raðnúmer
19.-20. okt.	15:00-15:00	Stew Perry Topband Challenge	CW	160 m	RST + 4-stafa hnit tala
26.-27. okt.	00:00-23:59	CQ WW DX Contest, SSB	SSB	160-10 m	RS + CQ svæði (TF=40)
<b>NÓVEMBER 2024</b>					
9.-10. nóv.	00:00-23:59	WAE DX Contest, RTTY	RTTY	80-10 m	RST + raðnúmer
9.-10. nóv.	12:00-12:00	OK/OM DX Contest	CW	160-10 m	RST + raðnúmer
16.-17. nóv.	12:00-12:00	LZ DX Contest	CW/SSB	80-10 m	RS(T) + ITU svæði (TF=17)
23.-24. nóv.	00:00-23:59	CQ WW DX Contest CW	CW	160-10 m	CQ svæði (TF=40)
<b>DESEMBER 2024</b>					
6.-8. des.	22:00-16:00	ARRL 160 Meter Contest	CW	160 m	RST + raðnúmer
14.-15. des.	00:00-23:59	ARRL 10 Meter Contest	CW/SSB	10 m	RS(T) + raðnúmer
21. des.	00:00-24:00	OK DX RTTY Contest	RTTY	80-10 m	RST + raðnúmer
21.-22. des.	14:00-14:00	Croatian CW Contest	CW	160-10 m	RST + raðnúmer
28.-29. des.	15:00-15:00	Stew Perry Topband Challenge	CW	160 m	RST + 4stafa hnit tala
<b>JANÚAR 2025</b>					
6. -7. jan.	20:00-07:00	EUCW 160 Meter Contest	CW	160 m	RST+ nafn + NM <sup>1)</sup>
13. Jan.	00:00-23:59	YB DX Contest	SSB	80-10 m	RS + raðnúmer
20.-21. jan.	12:00-12:00	Hungarian DX Contest	CW/SSB	160-10 m	RS(T) + raðnúmer
26.-28. jan.	22:00-21:59	CQ 160 Meter CW Contest	CW	160 m	RST + CQ svæði (TF=40)
27.-28. jan.	06:00-18:00	REF Contest	CW	80-10 m	RST + raðnúmer
27.-28. jan.	13:00-13:00	UBA DX Contest	SSB	80-10 m	RS+raðnúmer


<sup>1)</sup> NM = „Non member“ ella er gefið upp félagsnúmer í EUCW (The European CW Association)

FRÆÐSLUAGSKRÁ ÍRA  OKTÓBER – DESEMBER 2024

Hrafnkell TF8KY



Einar TF3EK



Benedikt TF3T



Vilhjálmur TF3VS



Sigurður TF3WS



Georg TF3GZ



OKTÓBER 2024	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesari – umsjón	Húsið opið	Hefst kl.	Annað
10. október – fimmtudagur	Verðlaunaafhending	Páskaleikar, Sumarleikar og TF útleikar 2024	Hrafnkell, TF8KY og Einar, TF3EK	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
17. október – fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
24. október – fimmtudagur	Erindi	CQ WW keppnirnar; hvernig tek ég þátt? <sup>1)</sup>	Benedikt Sveinsson, TF3T	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
31. október – fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
NÓVEMBER 2024	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesari – umsjón	Húsið opið	Hefst kl.	Annað
7. nóvember – fimmtudagur	Erindi	FT8 mótunarhátturinn <sup>2)</sup>	Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
14. nóvember – fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
21. nóvember – fimmtudagur	Erindi	„Gufunes bílnetin“ fyrir 80 metra bandið <sup>3)</sup>	Sigurður Harðarson, TF3WS	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
28. nóvember – fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
DESEMBER 2024	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesari – umsjón	Húsið opið	Hefst kl.	Annað
5. desember – fimmtudagur	Erindi	KiwiSDR viðtækin yfir netið	Georg Kulp, TF3GZ	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
12. desember – fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
19. desember – fimmtudagur	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar

<sup>1)</sup> CQ radiókeppnirnar, þær hafa verið vinsælustu keppnir um árabíl og TF ofllega náð frábærum árangri. Hvernig er þetta gert, hvað þarf til, hvernig tek ég þátt? TF3T segir frá.

<sup>2)</sup> FT8 mótunarhátturinn hefur farið sigurför í heima amatöra. TF3VS segir frá; hvernig er þetta gert, hvaða loftnet þarf, hvert er langdrægi, hvaða afl þarf? TF3VS segir frá.

<sup>3)</sup> Gufunes-loftnetin, fyrir 80m bandið, sagðar reynslusögur og útskýrt hvað þarf til og hvernig þetta er gert. TF3WS segir frá.